Dvelur ekki í leiðindum

Menning ➤ 14



Jákvæð karlmennska

Lífið ➤ 18



FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

56. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR fréttabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 22. MARS 2022



Eyðileggingin er mikil eftir að sprengju var varpað á verslunarmiðstöð í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, í gær. Frá því að Rússar réðust inn í Úkraínu þann 24. febrúar síðastliðinn er talið að meira en þrjár milljónir manna hafi flúið landið. 300.000 eru lokuð inni án drykkjarvatns og rafmagns í borginni Maríupol og þar er matur á þrotum eftir þriggja vikna umsátur Rússa um borgina. 319 manns frá Úkraínu hafa óskað eftir vernd hér á landi frá því innrásin hófst. Opnuð verður móttökustöð fyrir fólk frá Úkraínu sem kemur hingað til lands í Domus Medica við Egilsgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Þriðjungi færri 15 ára stúlkur stunda nú kynlíf

Minni áfengisneysla er talin ein ástæða þess að þriðjungi færri 15 ára stúlkur stunda kynlíf en í upphafi aldar. Færri en fimmti hver 15 ára drengur nota smokk. Áhyggjuefni, segir prófessor.

bth@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Í alþjóðlegu rannsókninni Heilsa og lífskjör skólabarna (Health Behaviour in School-Aged Children), sem lögð hefur verið fyrir hér á landi frá árinu 2006, kemur fram í síðustu könnun að á meðal 15 ára krakka í Evrópu og Norður-Ameríku segist einn af hverjum fjórum strákum og ein af hverjum sex stelpum hafa stundað kynlíf.

Þetta er lækkun frá síðustu könnun. Á Íslandi sögðust 24 prósent stelpna og 27 prósent stráka í 10. bekk hafa haft samfarir.

Mikill samdráttur hefur orðið í kynlífi íslenskra ungmenna með öðrum á síðustu áratugum samkvæmt rannsóknunum. Í HBSC-fyrirlögn árið 2006 kom fram að 36 prósent íslenskra stelpna í 10. bekk höfðu þá stundað kynlíf og 29 prósent stráka. Hlutfall stelpnanna hefur lækkað um þriðjung en strákarnir aðeins lækkað lítillega.

Þetta er í samræmi við heildarniðurstöður HBSC frá Evrópu og Norður-Ameríku þar sem hlutfall 15 ára unglinga sem einhvern tíma hefur haft samfarir lækkar úr 27 prósentum árið 2006 niður í 19 prósent, að sögn Ársæls Arnarssonar, prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann er faglegur stjórnandi Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.

> »
> **Mikill samdráttur hefur orðið í kynlífi íslenskra ungmenna með öðrum.**

„Kynferðisleg virkni er eðlilegur fylgifiskur kynþroskans sem unglingar ganga í gegnum. Fyrstu skrefin geta hins vegar verið flókin og ef þau eru tekin áður en einstaklingurinn er tilbúinn þá geta afleiðingarnar verið neikvæðar,“ segir Ársæll. Krakkar sem byrji kynlíf mjög snemma séu líklegri til að leiðast út í áhættuhegðun.

„Það að færri unglingar byrji snemma að stunda kynlíf skýrist ekki af Covid-faraldrinum, vegna þess að þessi þróun var hafin áður en hann kom til sögunnar. Líklega hefur minnkandi áfengisneysla unglinga mikið að segja. Drykkja íslenskra unglinga hefur snarminnkað á síðustu áratugum og sömu sögu má segja um önnur lönd sem við berum okkur saman við, þó að þróunin þar hafi ekki verið eins afgerandi og hér á landi. Kannski má orða það svo að ófullir unglingar taki betri ákvarðanir,“ segir Ársæll.

Í Evrópu og Norður-Ameríku notaði 61 prósent kynferðislega virkra unglinga smokk við síðustu samfarir. Smokkanotkun hefur minnkað lítillega í þessum aldurshópi í þeim löndum. Hún er líka mjög breytileg milli landa, að sögn Ársæls.

Á Möltu segjast 52 prósent kynferðislega virkra unglinga hafa notað smokka við síðustu samfarir en meðal Dana er hlutfallið átta prósent. Á Íslandi er smokkanotkun í þessum aldurshóp einnig lág, eða 18 prósent við síðustu samfarir. Ársæll segir þetta vonbrigði.

„Þetta kemur auðvitað fram í hárri tíðni kynsjúkdóma hér á landi. Smokkurinn er, auk þess að vera getnaðarvörn, mjög góð vörn gegn þess konar smitum,“ segir Ársæll. ■

Eigum nokkra lausa til afhendingar strax

Vinsæli fjórhjóladrifni rafbíllinn

Audi e-tron 50 Pro-line Verð frá 9.690.000 kr.

Stillanleg loftpúðafjöðrun, íslenskt leiðsögukerfi og fjarhitun.

Hekla Laugavegi 172, 105 Rvk. → www.hekla.is/audisalur



## Ívilnanir vegna vetnisbíla ónýttar

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMGÖNGUMÁL** Í frumvarpi fjármálaráðherra sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda er lagt til að hámarksfjöldi rafmagnsbifreiða sem geta notið ívilnunar frá virðisaukaskatti verði aukinn úr 15 þúsund bílum í 20 þúsund.

Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands, segir áhersluna í frumvarpinu einungis snúa að tekjutapi ríkissjóðs en skautað sé fram hjá öðrum jákvæðum áhrifum sem rafbílavæðingar.



Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands

„Það er augljóst hver stefna fjármálaráðherra er. Það á að minnka of hratt ívilnanir á rafbílum. Þessar ívilnanir þurfa að vera í gildi til að minnsta kosti 2024 og byrja þá að lækka í skrefum til 2027,“ segir Tómas.

„Enn þá hangir inni ívilnun til 15.000 vetnisbíla en ég vil mæla með því að þetta 15.000 bíla þak á vetnisbíla verði fært yfir á rafbíla. Það eru 30 vetnisbílar á Íslandi og alveg útséð að það er vita gagnslaust að bíða eftir því að ívilnanir vegna þeirra verði fullnýttar.“ ■

## Gengið á gíginn



Bræðurnir Hákon og Tómas Guðbjartssynir voru í Geldingadölum í fyrrakvöld í einstakri birtu og hagstæðum vindi sem gerði þeim kleift að skoða ofan í stóra gíginn. „Það er klifur upp á gígbarminn og hraunið varasamt – og svona ganga aðeins á færi vans göngufólks – og aðeins í vindi sem blæs gösunum burtu. En hvílík upplifun,“ segir Tómas sem sést hér með Hákoni á drónamynd Samuels Casas. MYND/SAMUELS CASAS

## Torg tapaði 240 milljónum í fyrra

ser@frettabladid.is

**FJÖLMIÐLAR** Tap Torgs árið 2021 nam 240 milljónum króna. Árið á undan tapaði félagið 599 milljónum króna. Torg gefur út Fréttablaðið, sem er prentað í 75.000 eintökum fimm daga í viku, rekur sjónvarpsstöðina Hringbraut og nokkra öfluga vefmiðla, þar á meðal eru Fréttablaðið.is, Hringbraut.is, DV.is, Eyjan.is, 433.is og Markaðurinn.is.

Taprekstur áranna 2020 og 2021 má rekja til veiruvandans sem kom illa við tekjuhlið rekstrarins. Á þessum tveimur árum tapaði fyrirtækið samtals 840 milljónum króna. Tapi þessara tveggja ára hefur að öllu leyti verið mætt með nýju hlutafé að fjárhæð 900 milljónir króna sem komið hefur frá sömu hluthöfum og keyptu fyrirtækið árið 2019 af fyrri eigendum. Torg skuldar engin önnur vaxtaberandi lán en bankalán til þriggja ára að fjárhæð 180 milljónir króna.




Torg gefur út Fréttablaðið, rekur sjónvarpsstöðina Hringbraut og nokkra öfluga vefmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á árunum 2020 og 2021 var unnið að sameiningu þriggja fyrirtækja, Torgs, DV og sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar. Vinnu vegna sameiningarinnar er að fullu lokið. Stjórnendur Torgs eru bjartsýnir á rekstur félagsins eftir að veiruvandinn er hættur að trufla athafnalíf landsmanna. ■




# Frétti það í búð í París að hann væri saklaus maður

Bjarni Ákason fjárfestir fékk að vita að mál gegn honum sem hafði velkst í kerfinu í ellefu ár hefði verið látið niður falla þegar hann var staddur erlendis. Hann var að kaupa eitthvað fallegt handa drengjunum sínum. Lögmaður hans segir málsmeðferðartímann ekki vera eðlilegan.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður viðurkennir að símtalið þegar hann tilkynnti Bjarna Ákasyni að mál gegn honum hefði verið látið niður falla hafi verið stórkostlegt. Ríkissaksóknari lét málið niður falla eftir ellefu ár en Bjarni var áður ákærður fyrir 44 milljóna króna skattsvik.

Upphafið nær þó til ársins 2007 þegar Bjarni bað um leiðréttingu á skattskýrslu en endurskoðandinn hafði gert mistök sem Bjarni vildi láta leiðrétta.

„Þetta er auðvitað ekki eðlilegur málstími,“ segir Sigurður og bendir á að málið hafi byrjað sem einföld fyrirspurn frá ríkisskattstjóra út af breytingum á skattalögum. „Þá kemur í ljós vitleysa í skattframtölum hjá Bjarna og félögum sem hann á sem hann óskar eftir leiðréttingu á. Það er leiðrétt hjá félaginu en ekki hjá honum,“ segir Sigurður.

Síðan hefur málið velkst um kerfið og Bjarna verið kastað á milli stofnana og dómstiga. Allt frá skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra, yfirskattanefnd og héraðsdómi til Landsréttar, en málið var fellt niður í síðustu viku.

Bjarni var staddur í París þegar Sigurður færði honum góðu fréttirnar.

„Þetta var mjög gott símtal. Hann var staddur inni í búð að kaupa eitthvað á strákana en hann þurfti að yfirgefa búðina. Það er alltaf gaman að svona – sérstaklega þegar maður er búinn að vera sannfærður um að vinna málið svona lengi,“ segir Sigurður.



Ríkissaksóknari fellur frá málarekstri gegn Bjarna Ákasyni sem var ákærður fyrir 44 milljóna króna skattsvik. Málið hófst 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þetta var mjög gott símtal. Hann var staddur inni í búð að kaupa eitthvað á strákana en hann þurfti að yfirgefa búðina.**



Sigurður G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður

Málið vari ekki alveg borðleggjandi að sögn Sigurðar. Þegar horft sé yfir það og hvernig kerfið hundelti Bjarna í rúman áratug sé gott að réttlætið hafi sigrað. „Núna er verið að fella málið niður á grundvelli málsástæðna sem ég hélt fram þegar málið var til meðferðar í Landsrétti í fyrra skiptið,“ segir hann.

Sigurður bendir á að þessi málsmeðferðartími sé ekki mjög algengur hér á landi en þó þekkist nokkur dæmi frá hrunmálunum og þetta sé svolítið þekkt í skattarétti.

Ekki náðist í Bjarna við vinnslu fréttarinnar en hann sagði á DV í síðustu viku: „Þetta er búið að taka fimmtán ár úr mínu lífi. Það er skammarlegt að ríkið hafi hagað sér með þessum hætti.“ ■




Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Gríðarleg verðhækkun matarkörfunnar á milli mánaða

olafur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Verð matarkörfu fjögurra manna fjölskyldu hækkaði um 1,5 prósentustig milli febrúar og mars. Árshraði verðhækkana á matarkörfunni mælist nú 19,6 prósent.

Þetta kemur fram í nýrri verðkönnun Veritabus sem var gerð í síðustu viku.

Vegin meðalhækkun vörukörfunnar frá könnun ASÍ 10. september 2021 er 6,5 prósent og óvissan er 2,5 prósent. Á þessu sex mánaða tímabili hefur vísitala neysluverðs hækkað um þrjú prósent.

Verð var kannað í verslanakeðjunum Hagkaupi, Krónunni og Nettó, sem allar hafa öflugar vefverslanir, auk Heimkaupa.

Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, sagði í samtali við Fréttablaðið að verðhækkanir sem birgjar hefðu kynnt fyrir áramót væru nú að koma fram. Þær væru afleiðing Covid-faraldursins.

Sagði hann Hagkaup hafa keypt miklar birgðir fyrir áramót vegna boðaðra verðhækkana frá birgjum. Nú væru þær birgðir á þrotum og Covid-hækkanirnar að koma fram í verði í verslunum.

Aðspurður sagði Sigurður áhrifa innrásarinnar í Úkraínu ekki farið að gæta í vöruverði. Þess gæti þó verið skammt að bíða og boðaðar hefðu verið miklar hækkanir á til dæmis hveiti.

Næsta verðbólgumæling Hagstofunnar verður birt 29. mars næstkomandi og ljóst að verðbólguþrýstingur er talsverður og að mestu innfluttur. ■

**Þróun matvöruverðs og vísitölu neysluverðs**






Tveir voru slasaðir þegar blaðið fór í prentun og einn var handtekinn.

## Tveir slasaðir og einn handtekinn

jonthor@frettabladid.is

**SVÍÞJÓÐ** Tveir einstaklingar voru fluttir slasaðir á sjúkrahús í Malmö í gærkvöldi, einn var handtekinn. Lögregla telur að um alvarlegan glæp sé að ræða.

Atvikið virðist hafa átt sér stað í eða við framhaldsskóla í borginni. Því var viðbúnaður lögreglu og sjúkraliðs mikill. ■

## Meira af tómötum og gúrkum

birnadrofn@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** Heildaruppskera ársins 2021 var svipuð og árið 2020, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Fjórtán prósentum meiri uppskera var af gulrótum og agúrkum og sautján prósenta aukning varð á uppskeru blómkáls. Þá jókst tómatauppskera um sex prósent.

Á síðasta ári var kartöfluuppskera fjórtán prósentum minni en árið á undan og segir á vef Hagstofunnar að þar spili kartöflumygla inn í. Kartöflumygla getur valdið víðtækum uppskerubresti. ■

# Nákvæmt staðarval öryggisvistunar í Reykjanesbæ bíður lagasetningar

**Sú ákvörðun að byggja húsnæði undir öryggisvistun fyrir ósakhæft og hættulegt fólk í nýju íbúðahverfi í Reykjanesbæ verður endurskoðuð. Vistunin mun opna í bænum í byrjun árs 2024.**

kristinnhaukur@frettabladid.is



Gert er ráð fyrir að öryggisvistunin skapi 30 störf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÉLAGSMÁL** Öryggisvistun verður opnuð í Reykjanesbæ í ársbyrjun 2024. Mikil umræða hefur verið í Innri-Njarðvík eftir að áform voru tilkynnt um að vistunin yrði opnuð í nýju Dalshverfi. Hafa íbúarnir áhyggjur í ljósi reynslu úr öðrum íbúðahverfum af nábýli við öryggisvistun. Öryggisvistunin hefur nú verið tekin út úr skipulagi hverfisins.

„Málið verður tekið á dagskrá hjá skipulagsyfirvöldum Reykjanesbæjar þegar lagaumgjörðin er tilbúin af hálfu ríkisins,“ segir Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

Í september árið 2020 greindi Fréttablaðið frá því að þáverandi félagsmálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, hygðist byggja upp stóra öryggisvistun í Reykjanesbæ til að þjónusta allt landið. Öryggisvistanir hýsa ósakhæft fólk sem talið er hættulegt sjálfu sér og öðrum.

Miklar deilur hafa staðið um öryggisvistun í Seljahverfi og Reykjavíkurborg vill hætta rekstrinum. Þá kom upp alvarlegt mál nálægt öryggisvistuninni á Akureyri þar sem ráðist var á átta ára dreng og hann tekinn kverkataki. Báðar eru í íbúðahverfi líkt og Dalshverfi Innri-Njarðvíkur á að vera en úthlutun lóða þar er nýhafin. Um þúsund manns skrifuðu undir undirskriftalista í haust og mótmæltu staðsetningunni.

> ” Byggingin verður þó hönnuð og byggð þannig að alls öryggis sé gætt bæði inni á heimilinu og út á við.



Grétar Sveinn Theodórsson, upplýsingafulltrúi félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, nýr félagsmálaráðherra, hefur nú tekið við málinu og samkvæmt svörum ráðuneytisins við fyrirspurnum Fréttablaðsins er stefnumótun í málaflokknum lokið og unnið að frumvarpi sem líti dagsins ljós á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að lögin geti tekið gildi 1. júní árið 2023, um hálfu ári áður en stofnunin verður opnuð.

Samkvæmt Grétari Sveini Theódórssyni, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins, er enn þá gert ráð fyrir að húsnæði fyrir öryggisvistun rísi í Reykjanesbæ. Þetta verði sjö íbúðir eða heimili í kjarna.

„Framkvæmdasýsla ríkisins er nú í samtali við skipulagsyfirvöld um nákvæma staðsetningu byggingarinnar,“ segir Grétar.

„Nákvæm staðsetning Öryggisvistunar verður ákveðin í kjölfar staðarvalsgreiningar þegar lög um starfsemina, þarfagreining og starfsemislýsing liggur fyrir,“ heldur Grétar áfram.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur tekið jákvætt í verkefnið en áætlað hefur verið að byggingin sjálf kosti 550 milljónir króna og 350 fari í árlegan rekstur. Í þeim tölum eru laun fyrir 30 starfsmenn.

„Bæjarstjórn samþykkti einróma á sínum tíma að öryggisvistun væri komið fyrir í bæjarfélaginu og það er því óbreytt,“ segir Grétar. Eigi eftir að formfesta staðarvalið og sýna fram á með samanburði og rökum að einn staður henti betur en annar miðað við skilgreindar þarfir og kröfur starfseminnar.

„Þessar íbúðir eru byggðar eins og venjuleg heimili fyrir einstaklinga sem þurfa sérstakan stuðning. Byggingin verður þó hönnuð og byggð þannig að alls öryggis sé gætt bæði inni á heimilinu og út á við.“ ■



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16




*Suzuki Swift 4x4 er eingöngu beinskiptur

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

FLUTT MEÐ EIMSKIP

**Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:**

**Akureyri:** Bílaríki, Lónsbakka.
**Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
**Hvolsvellir:** Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
**Ísafjörður:** Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
**Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Nærri helmingur smitast af Covid

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Í gær lágu 72 sjúklingar með Covid-19 á Landspítala, 67 þeirra voru í einangrun. Fjórir voru á gjörgæslu með sjúkdóminn og einn þeirra í öndunarvél.

Í gær voru þrír sjúklingar með Covid-19 útskrifaðir af Landspítala en sex lögðust inn.

178 starfsmenn spítalans voru fjarverandi vegna Covid-veikinda.

Alls hafa rétt rúm 47 prósent íbúa landsins greinst með Covid-19. 173.796 smit hafa verið staðfest frá fyrsta smiti sem greindist þann 28. febrúar árið 2020.■

# Sameinað Snæfellsnes enn þá möguleiki

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTURLAND** Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, telur að felld sameiningarkosning Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps muni ekki hafa áhrif á kosningarnar sem fara fram í Stykkishólmi og Helgafellssveit um næstu helgi.

Þessar tvennar kosningar hafa verið nefndar sem hugsanlegur millileikur fyrir stærri sameiningu á öllu Snæfellsnesi.

Verði sameiningin sem kosið verður um næstkomandi laugardag, 26. mars, samþykkt, verður til sveitarfélag með um eitt þúsund og þrjú hundruð íbúa.

> Þessar sameiningarkosningar sem við höldum núna breyta ekki öðrum viðræðum sem við erum í.



Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar

Einnig er kosið um sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, sem yrði þá sveitarfélag með samtals sex hundruð íbúa.

Jakob segir erfitt að segja nokkuð um hver niðurstaðan gæti orðið. Almenn umræða hafi ekki verið mikil í bænum en búið sé að kynna málið á íbúafundum og umræður þar hafi verið góðar. Nú þegar sé samvinna sveitarfélaganna mjög mikil, svo dæmi séu tekin í skólamálum, félagsmálum og skipulagsmálum.

„Samstarfsnefndin sér fyrir sér að hér geti skapast tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu,“ segir Jakob.

„Aðgengi íbúanna að þjónustunni yrði jafnara, ekki síst í dreifbýlinu,“ bætir hann við.

Fulltrúar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar hafa einnig átt í óformlegum samtölum við fulltrúa Dalabyggðar um mögulega sameiningu. Þá hafa fulltrúar Grundarfjarðarbæjar átt frumkvæðið að umræðu um sameiningu á öllu Snæfellsnesi. Jakob segir kosningarnar núna um helgina ekki útiloka neitt af þessu. Þá muni kosningarnar heldur þvert á móti gera slíka möguleika einfaldari þegar fram líða stundir.

„Þessar sameiningarkosningar sem við höldum núna breyta ekki öðrum viðræðum sem við erum í,“ segir Jakob.■

# Kjósendur meirihlutaflokka hlynntir þéttingu

Fleiri eru hlynntir þéttingu byggðar en eru andvígir henni samkvæmt nýrri könnun. Stuðningur við frekari þéttingu er mestur í miðborginni og næstu hverfum við hana.

adalheidur@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Rétt innan við helmingur borgarbúa er hlynntur frekari þéttingu byggðar í Reykjavík, samkvæmt könnun sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið. Fleiri eru þó hlynntari henni en andvígir en 35 prósent segjast andvíg henni.

Skýr munur er á afstöðu kjósenda til þéttingar byggðar eftir því hvort þeir kjósa flokkana sem eru í meirihlutasamstarfi eða flokka sem eru í minnihluta í borgarstjórn.

Mestur stuðningur við þéttingu byggðar er meðal kjósenda Samfylkingarinnar en 78 prósent kjósenda flokksins eru hlynnt frekari þéttingu í Reykjavík. Litlu færri, eða 71 prósent, kjósenda Viðreisnar er á sama máli. Meðal kjósenda Pírata og Vinstri grænna eru yfir 50 prósent einnig hlynnt frekari þéttingu.

Mjög ólík viðhorf eru meðal kjósenda þeirra flokka sem eru í minnihluta og nær stuðningur við frekari þéttingu ekki 25 prósentum í neinum þeirra.

Athygli vekur að kjósendur Framsóknarflokksins hafa sömu skoðanir á þéttingu byggðar og kjósendur minnihlutaflokkanna í Reykjavík en 23 prósent kjósenda flokksins eru hlynnt frekari þéttingu en 57 prósent þeirra eru andvíg henni.

Karlar eru mun hlynntari frekari þéttingu byggðar í borginni en konur. Rúmur helmingur karla, eða 52 prósent, er hlynntur henni en um 30 prósent á móti henni. Konur eru hins vegar hlynntar frekari þéttingu í 38 prósentum tilvika en 40 prósent kvenna eru andvíg henni.

Þá er áberandi mestur stuðningur við þéttingu byggðar meðal fólks á aldrinum 35-44 ára en 63 prósent fólks á þeim aldri eru hlynnt frekari þéttingu. Minnstur stuðningur við þéttingu byggðar er hins vegar meðal elstu kynslóðarinnar, en 28 prósent þeirra sem eru 65 ára og eldri eru hlynnt frekari þéttingu og 50 prósent þeirra eru andvíg.

Mestur stuðningur við frekari þéttingu byggðar er meðal tekjuhæstu borgarbúanna eða 61 prósent fólks með 800 þúsund eða hærri tekjur á mánuði. Aðeins 38 prósent þeirra sem hafa 400-599 þúsund krónur í tekjur á mánuði eru hlynnt frekari þéttingu.

Þegar afstaða fólks er skoðuð eftir búsetu kemur í ljós að langmestur stuðningur er við þéttingu byggðar í miðborginni og hverfum sem liggja næst henni. Þannig eru 66 prósent íbúa í 101 hlynnt frekari þéttingu og sama sinnis eru 60 prósent íbúa í Hlíðunum og 54 prósent íbúa á Melunum og öðrum hverfum í póstnúmerinu 107.

Mest andstaða er við þéttingu byggðar í efri hverfum borgarinnar eins og Breiðholti og Grafarvogi. Þá eru mjög skiptar skoðanir um málefnið í hverfum þar sem þétting byggðar hefur verið mjög til umfjöllunar að undanförnu eins í Háaleiti og Vatnsmýri.

Könnunin var gerð dagana 4. til 18. mars. Úrtakið var 2.400 og svarhlutfallið 52 prósent.■

**Viðhorf til frekari þéttingar byggðar eftir stuðningi við flokka**




**Viðhorf til þéttingar byggðar eftir póstnúmerum í Reykjavík**




**Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ert þú frekari þéttingu byggðar í Reykjavík?**




> Kjósendur Framsóknarflokksins hafa svipaðar skoðanir og kjósendur minnihlutaflokkanna í borgarstjórn.





# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ SPAÐANS!

# 16” Pizza af matseðli

# 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

SPAÐINN

Spaðinn Pizza · Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b · spadinn.is



# Með böggum Hildar



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Niðurstaða prófkjörs Sjálfstæðisflokksins sem fór fram um liðna helgi er að Hildur Björnsdóttir mun leiða flokkinn í borgarstjórnarkosningunum fram undan. Víst er að á brattann verður að sækja fyrir Hildi sem tilheyrir frjálslyndari armi flokksins en í næstu sæti röðuðust einmitt einstaklingar af íhaldssamari vængnum. Hildur hlaut 47 prósent atkvæða í fyrsta sætið og því ljóst að hún náði ekki meirihluta kjósenda flokksins með sér og er því ekki með bindandi kosningu, frekar en nokkur annar sem inn á listann komst, sem út af fyrir sig er umhugsunarvert.

Það er ekki síst í skipulags- og samgöngumálum sem hugmyndir Hildar þykja frjálslyndari en þeirra sem sitja til borðs með henni. Þau Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir og Björn Gíslason sem skipa næstu fjögur sæti hafa ekki talað fyrir því að þétta byggð eða bæta almenningssamgöngur. En það hefur Hildur aftur á móti gert með áherslu á fjölbreytta valkosti í samgöngumálum: Borgarlínu, einkabílinn og reiðhjólið samhliða. Í atkvæðagreiðslu um Borgarlínu lagðist Hildur ekki gegn málinu eins og samflokksmenn hennar og sat hjá.

Hildur er þriðja konan sem er kjörin í oddvitasæti á lista Sjálfstæðisflokksins af þeim fimm sveitarfélögum sem eru á höfuðborgarsvæðinu, en hinar eru Rósa Guðbjartsdóttir í Hafnarfirði og Ásdís Kristjánsdóttir í Kópavogi, og segir Hildur tímana breytta innan flokksins. Það var þó ekki að sjá á uppröðuninni á efstu sætunum í Reykjavík, að henni undanskilinni. Þátttaka í prófkjörinu var með ágætum og því ekki annað að sjá en að niðurstöður þess lýsi vel afstöðu kjósenda flokksins. Klofin. Oddvitinn virðist fulltrúi annarra gilda en þeirra sem neðar voru á lista. Að mati sumra kjósenda glataðist tækifæri til endurnýjunar meðan aðrir telja að flokkurinn hafi sloppið fyrir horn.

Samkvæmt könnun Prósents fyrir Fréttablaðið sem birtist um helgina fær Sjálfstæðisflokkurinn aðeins 20,7 prósenta fylgi í borginni. Ef svo fer myndi borgarfulltrúum flokksins fækka úr átta í fimm og situr Hildur þá ein uppi með fyrrtalinn hóp. Samkvæmt könnuninni heldur meirihluti borgarstjórnar og er ljóst að Hildar bíður ærið verkefni við að þétta raðirnar fyrir kosningar í maí. ■

**„Oddvitinn virðist fulltrúi annarra gilda en þeirra sem neðar voru á lista.**

## Halldór







## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Eintalan**
Þá er búið að eyðileggja enn eitt gamla orðatiltækið fyrir manni – og voru þó býsnin öll af öldnum máltækjum farin í súginn mikla. Og dugar nú ekkert minna en ráðherraskipun til að sjúga merkinguna úr viðkomandi orðtaki: Svona eiga sýslumenn að vera. Núna, þegar fyrir liggur að fækka eigi sýslumönnum landsins niður í einn – en sú var nú tíðin að þeir voru jafn margir sýslum landsins – liggur fyrir að fleirtalan er á bak á burt og aumasta eintala er tekin við: Svona á sýslumaður að vera.

**Miðflokkurinn**
Sú frjálslynda Hildur Björnsdóttir bar sigur úr býtum í oddvitabaráttu Sjálfstæðismanna í Reykjavík um helgina – og enda þótt hún hafi ekki náð bindandi kosningu, frekar en nokkur annar sem var í framboði, má hún ágætlega við una, með 700 atkvæða forskot á Ragnhildi Öldu Vilhjálmsdóttur. Fara þar tvær glæsilegar ungar og víðsýnar nútímakonur, en gárungar segja að fyrir aftan þær hafi Miðflokkurinn komið sér fyrir með fulltrúa íhaldsmanna og afturhaldsseggja sem vilja hvorki heyra af #MeeToo-byltingunni né afglæpavæðingu í fíknikimum samfélagsins. Listinn sameini þar með tvær ólíkar aldir í sögu flokksins. ■

# Er ekki bara best að treysta þjóðinni?



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Þegar ríkisstjórn Samfylkingar og VG ákvað að sækja um fulla aðild að Evrópusambandinu árið 2009 lögðum við Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins til að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarumsókn. Við litum svo á að um væri að ræða stóra ákvörðun, sem hefði margvísleg áhrif á hag landsmanna til langs tíma, þó að við séum aðilar að kjarna samstarfsins með EES-samningnum. Því væri rétt að þjóðin sjálf fengi að ráða því hvort haldið yrði af stað í þessa vegferð. Ég var þá og er enn sannfærð um að hagsmunum Íslands sé best borgið í þessu fjölþætta samstarfi Evrópuþjóða, sem flestar eru reyndar einnig bandamenn okkar í NATO. Og ég er enn sömu skoðunar, að málið sé af þeirri stærðargráðu að best fari á því að þjóðin sjálf taki hvort tveggja ákvörðun um að hefja viðræður og eftir atvikum að samþykkja eða hafna samningi um fulla aðild að þeim loknum.

Sama sjónarmið kom fram hjá Katrínu Jakobsdóttur árið 2015. Hún var þá meðflutningsmaður að þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort viðræður um fulla aðild yrðu teknar upp aftur. Núna er ég meðflutningsmaður að þingsályktunartillögu þingmanna Viðreisnar, Samfylkingar og Pírata um þjóðaratkvæðagreiðslu. Sú tillaga fylgir þessari sömu hugsun að þjóðin sjálf fái að ákveða hvort þetta upphafsskref verði stigið.

Heimsmyndin hefur breyst mikið frá því að við gerðumst aðilar að innri markaði Evrópusambandsins og höfum þátttöku í Schengen-samstarfinu. Stríðið í Úkraínu hefur á örskömmum tíma valdið miklum breytingum og aukið óvissuna á alþjóðasviðinu. Valdajafnvægið í heiminum hefur raskast. Aldrei hefur verið brýnna að flétta saman samvinnu um efnahag og varnir. Okkar hagsmunir og gildi eru í húfi. Á þessum óvissutímum sem nú eru uppi hníga veigamikil rök að því að Ísland leiti öruggara skjóls í bandalagi með þeim þjóðum sem fylgja sömu lífsgildum.

Einföld spurning kemur því upp í hugann: Er ekki bara best að treysta þjóðinni? ■

**„Aldrei hefur verið brýnna að flétta saman samvinnu um efnahag og varnir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jón Þórisson RITSTJÓRI: Sigmundur Ernir Rúnarsson ser@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson einarthor@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Hörður Snævar Jónsson hoddi@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Verndum vatnið okkar



**Hrund Ó. Andradóttir**
prófessor í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands



**María J. Gunnarsdóttir**
sérfræðingur við Vatnaverkfræðistofu Háskóla Íslands



Alþjóðlegur dagur vatnsins er haldinn 22. mars ár hvert til að minna á mikilvægi vatnsauðlindarinnar. Við Íslendingar erum svo heppin að eiga einhverja stærstu vatnsauðlind á mannsbarn í heiminum. Við búum við líklega eitt tærasta grunnvatn á Vesturlöndum, sem má rekja til stórra grunnvatnsgeyma fjarri byggð og umsvifum mannsins. Grunnvatnið nýtum við til drykkjar, matvælaframleiðslu og iðnaðar.

Athyglin í ár beinist einmitt að grunnvatni með slagorðinu „gerum hið ósýnilega sýnilegt“. Undir fótum okkar liggur falinn fjársjóður sem auðgar líf okkar. Næstum allt fljótandi ferskvatn í heiminum er grunnvatn, sem verður sífellt mikilvægara með loftslagsbreytingum. Því er mikilvægt að vinna að sjálfbærri stjórnun þessarar dýrmætu auðlindar, að vernda hana og nýta skynsamlega. Grunnvatn er hulið, en ætti ekki að vera úr huga, eins og Sameinuðu þjóðirnar komast að orði.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að það sem við gerum ofanjarðar skiptir máli neðanjarðar. Merkja má athafnir mannsins og umsvif mannvirkja í vatninu í nærumhverfi okkar. Sem dæmi, þá er slit malbiks og dekkja ein stærsta uppspretta örplasts í vatnavistkerfum. Nýleg rannsókn við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands ályktaði að helsta ástæða fyrir myndun göturyks í Reykjavík er að nær annar hver bíll er á nagladekkjum á veturna. Helmingur ryksins sem nagladekkin spæna upp ratar í vatnavistkerfin okkar, hinn helmingurinn veldur ítrekuðum svifryksdögum sérstaklega þegar snjóa leysir á vorin.

> **Undir fótum okkar liggur falinn fjársjóður sem auðgar líf okkar.**

Örmengunarvaldar hafa mælst erlendis í grunnvatni, í fiskafurðum og í mannslíkamanum. Efnin eru oftast þrávirk, safnast upp í lífkeðjunni, og talin valda hormónaröskunum og/eða alvarlegum sjúkdómum. Sum efnin skolast af þökum, klæðningum og gróðri eins og t.d. þungmálmar, plastefni, eldog rotvarnarefni, sveppa- og skordýraeitur. Önnur skolast af götum, eins og t.d. fjölhringa arómatísk kolvetni sem myndast við bruna eldsneytis. Þá berast leifar lyfja, snyrti- og hreinsivara með heimilisskólpi í vötn. Þótt efnin séu í litlu magni, þá gætir áhrifa þeirra engu að síður, og jafnvel eftir að notkun þeirra er hætt. Til dæmis eru vatns- og fitufráhrindandi PFAS-efni, sem notuð eru í ýmsum varningi innan og utan heimilis, nánast óniðurbrjótanleg, svokölluð eilífðarefni.

Því eru skilaboðin til okkar Íslendinga á degi vatnsins:

- Nálgumst vatnið okkar með aðgát og virðingu.
- Notum efni varlega og sparlega.
- Hættum að keyra á nagladekkjum.
- Fylgjumst vel með vatninu okkar með reglubundnum mælingum. ■

# Lífeyrissjóðir feta í græn spor alþjóðlegra fjárfesta



**Arne Vagn Olsen**
forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Íslenskir lífeyrissjóðir taka samfélagslega ábyrgð sína alvarlega. Nærtækt dæmi er nýleg viljayfirlýsing þrettán sjóða um fjárfestingar fyrir jafnvirði allt að 580 milljarða króna í umhverfisvænum verkefnum til ársins 2030, einkum í endurnýjanlegum orkugjöfum. Þessir tilteknu sjóðir fara fyrir um 90% af heildareignum íslenska lífeyrissjóðakerfisins. Yfirlýsingin var birt gagnvart Climate Investment Coalition (CIC) en meðal stofnenda samtakanna eru The Institutional Investor Group on Climate Change og World Climate Foundation.

Yfirlýsing íslensku lífeyrissjóðanna markar tímamót. Þeir lýsa yfir vilja til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og telja að tækifæri felist í fjárfestingum í grænum verkefnum sem á sama tíma mæta kröfum um áhættu og arðsemi. Þess misskilnings hefur gætt að sjóðirnir þrettán hafi skuldbundið sig til að fjárfesta allt að 580 milljörðum króna í græn verkefni. Hið rétta er að um viljayfirlýsingu er að ræða, þ.e. sjóðirnir hafa lýst yfir áhuga til fjárfestingar í þessum málaflokki en endanlegar fjárfestingarákvarðanir eru undir hverjum og einum lífeyrissjóði komnar. Með öðrum orðum er endanleg ákvörðun byggð á sjálfstæðri greiningu hvers lífeyrissjóðs um sig þar sem mat er lagt á samband ávöxtunar og áhættu.

Á daginn kann að koma að heildarfjárfesting íslensku sjóðanna fram til ársins 2030 nái ekki þeim 580 milljörðum króna sem viljayfirlýsingarnar gera ráð fyrir. Verði það niðurstaðan er nærtækasta skýringin sú að skort hefur fjárfestingarkosti sem uppfylla kröfur um ásættanlegt samband áhættu og ávöxtunar. Hinn möguleikinn er einnig til staðar að svo margir álitlegir grænir kostir hafi boðist að grænar fjárfestingar verði meiri en hér er talað um.

Þegar kemur að viljayfirlýsingunni eru íslenskir lífeyrissjóðir ekki eyland. Með henni feta þeir í spor norrænna, breskra og hollenskra lífeyrissjóða sem hafa áður birt sambærilegar yfirlýsingar gagnvart CIC. Fjárhæð íslensku sjóðanna þrettán kann að þykja há á íslenskan mælikvarða en jafngildir þó einungis um 3,5% af þeim tæplega 16.800 milljörðum króna sem þátttakendur í CIC-samstarfinu ætla að verja til grænna fjárfestinga fram til ársins 2030. Græn verkefni eru ekki skrautfjaðrir í hatt lífeyrissjóða heldur vaxandi tegund eigna sem viðbúið er að fái aukið vægi í eignasöfnum fagfjárfesta á næstunni. Ljóst er að eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku verður mikil á komandi árum og þar með fjárfestingarþörfin. Þeim fjárfestingum, sem ráðist verður í á grunni yfirlýsingarinnar, verður ætlað sama hlutverk og öðrum fjárfestingum lífeyrissjóða, þ.e. að skila arðsemi í samræmi við áhættu.

> **Þegar kemur að viljayfirlýsingunni eru íslenskir lífeyrissjóðir ekki eyland.**

Þessu til viðbótar er slíkum fjárfestingum ætlað að draga úr kolefnislosun og stuðla þannig að markmiðum Parísarsamkomulagsins frá 2015. Þessir þrír þættir: arðsemi, áhætta og samdráttur í kolefnislosun, eru markmið Climate Investment Coalition og sömuleiðis markmið íslensku sjóðanna sem rituðu undir viljayfirlýsingu um grænar fjárfestingar. ■

Ástarrannsóknir í Hallgrímskirkju

Ástin er eitt mikilvægasta fyrirbæri mannlífsins. Kærleikur og ást er einnig kjarnastef í kristinni boðun.

**Hallgrímskirkja** hefur efnt til samtals við Hið íslenska ástarrannsóknafélag. Hvað er þar efst á baugi? Hvernig nálgast fræðimenn þetta svið?

**Stundirnar verða á miðvikudögum og hefjast kl. 12.10.**

Í boði verða léttar veitingar. **Aðgangur er ókeypis.**

**23. mars** – Berglind Rós Magnúsdóttir, menntunarfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands
**Titill:** Ástarrannsóknir og tilhugalíf fráskilinna framakvenna

**30. mars** – Torfi Tulinius, prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands
**Titill:** Karlar og tilfinningaröskun í síðkapítalísku samfélagi

**6. apríl** – Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands
**Titill:** Réttlát ást: Barátta fyrir viðurkenningu samfélags og kirkju á ást samkynhneigðra

**20. apríl** – Brynhildur Björnsdóttir, menningarfræðingur og fjölmiðlakona
**Titill:** Á valdi ástarinnar

**27. apríl** – Ólafur Páll Jónsson, prófessor í heimspeki
**Titill:** Ást og ógæfa

**4. maí** – Jón Ingvar Kjaran, prófessor í hinsegin fræðum við Háskóla Íslands
**Titill:** Orðræðan um fjölkæra ást: Ögrun við ríkjandi sambandsviðmið

*Verið öll hjartanlega velkomin*
HALLGRÍMSKIRKJA








## Merkisatburðir

**1888** Enska knattspyrnudeildin er stofnuð.
**1895** Fyrsta kvikmyndasýning sögunnar fer fram í París þegar bræðurnir Auguste og Louis Lumière sýna áhorfendum í fyrsta sinn kvikmynd. Sýningin var einungis fyrir boðsgesti.
**1939** Lúðrasveit Vestmannaeyja stofnuð af Oddgeiri Kristjánssyni.
**1945** Arababandalagið stofnað.
**1948** Atómstöðin, skáldsaga Halldórs Laxness kemur út og selst upp samdægurs.
**1972** Geirfugladrangur vestur af Eldey hrynur og kemur aðeins upp úr á fjöru en var áður um tíu metra hár.
**1974** Bandaríkjaþing samþykkir stjórnarskrárbreytingu sem kveður á um jafnrétti kynjanna.
**1993** Intel setur fyrsta Pentium-örgjörvann á markað.
**1995** Valerij Poljakov snýr aftur til jarðar eftir að hafa dvalið 438 daga í geimnum.
**1996** **Göran Persson** verður forsætisráðherra Svíþjóðar.
**1997** Íslenska heimildarmyndin Íslands þúsund ár eftir Erlend Sveinsson er frumsýnd.





Katrín Jakobsdóttir, þá mennta- og menningarmálaráðherra, heimsækir nýuppgerðar skrifstofur Norræna félagsins 2012. MYND/AÐSEND

# Enginn öldungsbragur á aldarafmæli Norræna félagsins

Einstaklingurinn og persónulegar sögur verða gegnumgangandi þema á hundraðasta afmælisári Norræna félagsins.

arnartomas@frettabladid.is

Norræna félagið fagnar hundrað ára afmæli sínu í ár og hefur frá stofnun beitt sér fyrir eflingu samstarfs og tengsla milli Íslendinga og annarra Norðurlandabúa. Í dag eru félagar um átjánhundruð talsins og starfa í fjölbreyttum félagsdeildum um land allt. Til stendur að fagna tímamótunum á ýmsa vegu á árinu og hefst dagskráin á degi Norðurlandanna á morgun.

„Við erum mjög lifandi félag og ekki neinn öldungsbragur á okkur þótt við séum hundrað ára,“ segir Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, formaður afmælisnefndar félagsins. „Við viljum nota árið til að vekja athygli á félaginu og efla starf þess enn frekar. Sem félag sem byggir á samveru fólks erum við enn aðeins að vakna úr rotinu eftir faraldurinn, en að innanverðu erum við ung og hress.“

Ragnheiður segir að í tilefni aldarafmælisins verði lagt upp með að vekja athygli á því norræna samstarfi sem á sér stað.

„Það er svo mikið samstarf sem á sér stað og við erum meira og minna ómeðvituð um, bæði á vegum einstaklinga, félaga, stofnana og svo framvegis,“ segir hún. „Við vildum nota tækifærið til að nýta allt árið til að vekja athygli á þessum verkefnum sem eru í gangi. Þetta er ekki alltaf spurning um stór verkefni eða viðburði, heldur líka þetta hljóðláta samstarf sem á sér stað.“

> ” Sem félag sem byggir á samveru fólks erum við enn aðeins að vakna úr rotinu eftir faraldurinn, en að innanverðu erum við ung og hress.

### Norræn örsagnasöfnun

Í tilefni af afmæli félagsins hefur verið sett upp heimasíða þar sem farið er yfir þá norrænu viðburði sem verða á dagskrá á afmælisárinu. Þar stendur til boða að skrá sig í félagið og að bæta inn viðburðum og verkefnum sem tengjast norrænu samstarfi. Þá stendur yfir söfnun á örsögum sem eiga rætur sínar að rekja til norrænna samskipta.

„Í stað þess að skrifa sögu félagsins vildum við frekar safna skemmtilegum og persónulegum sögum af upplifun fólks af norrænu samstarfi,“ segir hún. „Við erum alltaf með það í huga að það er einstaklingurinn sem skiptir máli og það verður gegnumgangandi þema í gegnum árið hjá okkur.“

Á morgun, 23. mars, er svo dagur Norðurlanda sem haldinn er hátíðlega ár hvert. Í Norræna húsinu er efnt til gestaboðs með fjölda ávarpa undir þemanu Friður, frelsi lýðræði. Ragnheiður segir ómögulegt í dag að halda viðburð tengdan alþjóðlegu samstarfi án þess koma inn á stríðið í Úkraínu.

„Venjulega eru þetta góðar og gegnar norrænar samkomur en við gátum ekki komist hjá því að fjalla um þessa hræðilegu viðburði,“ segir hún. „Þetta er í bakgarðinum okkar og snertir okkur öll og setur því svip sinn á dagskrána.“

Félagið mun einnig standa fyrir málþingum, ráðstefnum og öðrum samkomum, ýmist eitt eða í samstarfi við aðra, og verður umfjöllunarefnið málefni sem brenna á áhugafólki um norrænt samstarf, til dæmis ungt fólk og norræn tungumál í námi, starfi og frístundum, ný tækifæri í norrænu samstarf og fleira. Nánari upplýsingar um afmælisdagskrá félagsins má kynna sér á nýstofnaðri afmælissíðu félagsins, norden100.is. ■

---



✝

Elskulegur sonur minn,
bróðir okkar, mágur og frændi,

**Davíð Örn Kjartansson**
Bláhömrum 2,

lést á krabbameinsdeild LSH
17. mars síðastliðinn.
Útförin verður auglýst síðar.

**Emma Arnórsdóttir**
**Petra Björg Kjartansdóttir**
**Bjarni Þór Kjartansson** **Klara Karlsdóttir**
**Emma Ósp og Kjartan Karl**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað


Sverrir Einarsson
S: 896 8242


Jóhanna Eiríksdóttir


Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

---



✝

Ástkær eiginkona mín,
móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ingibjörg Pétursdóttir**
iðjuþjálfi,

lést á Líknardeild Landspítalans
þann 18. mars. Útförin fer fram frá
Hallgrímskirkju föstudaginn 1. apríl kl. 13.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin.
Kærar þakkir til starfsfólks Hrafnistu á Sléttuvegi og
Landspítalans fyrir hlýja og góða umönnun.

**Einar Gylfi Jónsson**
**Pétur Einarsson** **Halla Þórarinsdóttir**
**Sigríður Margrét Einarsdóttir** **Aron Steinn Ásbjarnarson**
**Anna Bentína Hermansen** **Grétar Örn Hostert**
**Ástríður Höskuldsdóttir**
**Atli Freyr Einarsson** **Anna Svandís Gísladóttir**
**Hjalti Már Einarsson** **Linda Ósk Þorleifsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug vegna andláts
ástkærs eiginmanns, föður,
tengdaföður, afa og bróður,

**Þórarins Baldurssonar**
læknis.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Við þökkum samstarfsfólki hans á HSA fyrir samstarfið,
vinskapinn og umhyggjuna.

**Guðbjört Einarsdóttir**
**Davíð Leifsson** **Lanny Leifsson**
**Sigrún Þórarinsdóttir** **Ingólfur Finnbogason**
**Loftur Þórarinsson** **Sueko Kuwai**
**Einar Sævarsson** **Ólöf Viktorsdóttir**
**Oddný Sævarsdóttir** **Sigursteinn Stefánsson**
**Sævar Atli Sævarsson** **Unnur Eðvaldsdóttir**
**Gunnar Baldursson** **Guðrún Reynisdóttir**
**og barnabörn.**

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 22. mars 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Heimilið er flestum kær griðastaður.

## Heima er best

thordisg@frettabladid.is

Spakmælið „Heima er best“ er mörgum tamt og gjarnan sagt af feginleik og hamingju þegar komið er heim eftir að hafa verið í burtu frá heimilinu. Í áratuganna rás hafa Íslendingar líka prýtt heimili sín með ákallinu „Drottinn blessi heimilið“, sem vekur hughrif um blessun skaparans á heimilishaldinu og þeim sem þar búa, gjarnan í útsaumi eða á mynd með íslenskum torfbæ, fánanum, birkilaufum og bóndarósum.

**Heima er þar sem hjartað slær**

Að tala af hlýju um heimili sitt er þekkt víðar en á Íslandi. Máltækið „Home sweet home“ á sér sömu merkingu og „Heima er best“, en málshátturinn „Home is where the heart is“ eða „Heima er þar sem hjartað slær“ má túlka á tvo vegu. Það getur ýmist þýtt að heima sé hvar sem ástin okkar er stödd. Hin skilgreiningin er að hjarta mannsins slái alltaf heima, því hugur hans sé ávallt með fjölskyldunni, hvar sem hann er staddur. Að ást, umhyggja og hjartfólgnar minningar muni alltaf tengjast heimilinu og fjölskyldunni.

Sumsé; okkur líður hvar sem er heima þar sem ástvinur okkar er, en einnig er það heimilislífið með okkar nánustu sem lætur hjartað slá innan heimilisins. ■






Patrycja kom til Íslands fyrir sjö árum frá Póllandi og heillaðist af fólkinu og náttúrunni. MYND/AÐSEND

# Fangar ímyndunaraflið á Íslandi

Patrycja Makowska hefur vakið athygli fyrir ævintýralegar ljósmyndir sem hún tekur af íslenskri náttúru. Ljósmyndirnar segir hún aðallega lúta hennar eigin ímyndunarafli og tekur það hana oft margar atrennur að fanga réttu birtuna, augnablikið og stemninguna. 2



Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Patrycja ætlaði ekki að stoppa lengi þegar hún kom hingað fyrir sjö árum frá Póllandi, en heillaðist svo af landi og samfélaginu í Vík í Mýrdal, þar sem hún bjó í fimm ár, að hún ákvað að setjast hér að. „Ég kom til Íslands í janúar 2015 og ætlaði bara að vera hér í svona þrjá, mest fjóra mánuði. Eftir sjö ára veru bý ég hér enn þá og ég veit að margir frá mínu landi búa hér einnig og líkar vel,“ segir hún.

Patrycja útskrifaðist með meistaragráðu í Historical and pedagogical faculty frá University of Opole. Einnig er hún menntaður sögukennari við öll skólastig. Hún lærði til doktorsprófs í University of Opole í Póllandi og er núna að undirbúa sig til að verja doktorsverkefnið sitt hér á Íslandi.

**Elskar að fylgjast með sólsetrinu**

Patrycja segir að ljósmyndunarbakterían hafi fyrst látið á sér kræla þegar hún var krakki í Póllandi. „Allt frá því í æsku höfum ég og frænka mín verið að taka myndir með gömlum filmumyndavélum í uppeldisbæ mínum Muszyna á landamærum Póllands og Slóvakíu,“ segir hún og bætir við: „Ég hef ekki farið í ljósmyndaskóla heldur er ég sjálflærð. Ég hef unun af því að taka ljósmyndir og allt það sem fylgir ljósmyndaiðninni eykur ástríðu mína gagnvart faginu. Það að taka ljósmyndir og njóta útsýnisins, verja heilu síðdegi einhvers staðar á kletti og fylgjast með sólsetrinu. Það eru augnablik sem gera lífið þess virði að lifa fyrir mig. Þetta er eitthvað sem ég held að margir fara á mis við í auglýsingaheimi nútímans.“

*En af hverju Ísland?*

„Að mínu mati er Ísland einn af öruggustu stöðum í heimi. Einnig kann ég vel að meta það að geta verið úti að taka ljósmyndir allan ársins hring, hvenær sem er sólarhringsins. Möguleikarnir eru endalausir hér og mitt uppáhalds viðfangsefni er norðurljósin.“

**Á milli tveggja víka**

Fyrstu fimm árin á Íslandi bjó Patrycja í Vík í Mýrdal þar sem hún hugaði að öldruðum íbúum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hjallatúni. „Ég er enn mjög náin fyrrverandi yfirmanni mínum þar, henni Kristínu Einarsdóttur, sem gekk mér hálfvegis í móðurstað. Ég ber mikla virðingu og ást til hennar. Á Hjallatúni lærði ég líka grunninn að íslensku, en ég er að læra tungumálið núna þar sem ég bý í Reykjavík. Í Vík hóf ég lærlingsnám og þjálfun hjá slökkviliðinu á staðnum. Ég kláraði það nám á Selfossi og starfaði sem sjálfboðaliði hjá slökkviliðinu. Á sama tíma varð ég meðlimur og sjálfboðaliði í fjallabjörgunarteymi Landsbjargar, ICE-SAR í Vík.

Vík var lengi mitt heimili, í blíðu og stríðu og hún verður líka alltaf heimabærinn minn. Ég hitti þar dásamlegt fólk og eignaðist yndislega vini sem létu mér líða eins og ég væri hluti af samfélaginu og fjölskyldmeðlimur. Ég lærði að ganga á jöklum, nam grunninn í svifvængjaflugi, við hreinsuðum hús eftir sandstorma og plast úr fjörunum. Eftirlætið mitt var svo að fljúga svifflugvél með ástkærum íslenskum „afa“ mínum, honum Reyni Ragnarssyni, við eftirlit á ástandi Kötlugíga og við myndatökur á þeim fyrir Háskóla Íslands. Hvert skipti var einstök upplifun fyrir mig.

Núna bý ég í Reykjavík. Ég starfaði um tíma sem leiðsögumaður og við móttöku við sýninguna Wonders of Iceland í Perlunni þar til faraldurinn skall á. Seinna fékk ég starf við Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur og starfaði þar í um eitt ár. Þegar ég flutti til Reykjavíkur fór ég að æfa Shotokan Karate hjá karatefélaginu Þórshamri þar sem ég hef hitt fjöldann allan af yndislegu og hvetjandi fólki. Ég er með bronsbelti og ætla að halda áfram á þeirri braut. Draumurinn er að verða þjálfari og vinna með ungu fólki.“

Patrycja heldur úti vinsælum Instagram-reikningi og Facebooksíðu þar sem hún birtir ljósmyndirnar sem hún tekur víðs vegar um landið. Myndirnar eru skarpar og litríkar og sýna íslenska náttúru á einstakan hátt. „Ég ver öllum mínum frístundum við að taka ljósmyndir og ég bíð alltaf spennt eftir vetrinum þegar norðurljósin fara að dansa á himninum. Núna er ég að vinna með Canon full frame-ljósmyndavél en áður notaði ég Nikon-vél. Stundum er ég að nota gamlar handvirkar linsur sem eru löngu hættar í framleiðslu.“

Patrycja segir að ljósmyndirnar séu eins konar framlenging á hennar eigin ímyndunarafli og það taki oft margar atrennur að finna réttu birtuna og rétta augnablikið á hverjum stað fyrir sig. „Ég heimsæki oft hvern stað mörgum sinnum til þess að fanga nákvæmlega rétta ljósið og rétta augnablikið sem ég hafði séð fyrir mér. Ég byggi allt á ímyndunaraflinu og mínu frelsi til þess að skoða heiminn frá mínu eigin sjónarhorni, mínu útsýni. Ef það tekst, þá er ég sátt,“ segir hún að lokum. ■

„Það að taka ljósmyndir og njóta útsýnisins, verja heilu síðdegi einhvers staðar á kletti og fylgjast með sólsetrinu. Það eru augnablik sem gera lífið þess virði að lifa fyrir mig.



Patrycja bjó fyrstu fimm árin í Vík í Mýrdal og finnst það enn vera heimabærinn, þrátt fyrir að búa í annarri vík í dag. MYND/GON GRANJA



Hið fullkomna augnablik fangað með myndavélarlinsunni.



Uppáhaldið er samt hún Árora Borealis, norðurljósin logandi.



Jökulsárlón við sólsetur er magnaður staður.



Patrycja fangar náttúrufegurð landsins. MYNDIR/PATRYCJA MAKOWSKA

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

12. TBL. 22. MARS 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

SKOÐUNARFERÐIR TIL SPÁNAR Á 49.900 KR

Hafðu samband og kynntu þér ferli skoðunarferða hjá Masa International



*Við höfum selt eignir á Spáni frá 1981*

MASA INTERNATIONAL

Jónas H. Jónasson
jonas@masainternational.is
Sími: 555 0366
Gsm: 842 1520

www.masainternational.is

BÚUM VEL



Sérhæfð lögfræðiþjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

**BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.**

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is




Hótelið er staðsett á Ránargötu og óskað er eftir tilboði í eignina.

## Hótel í miðbænum

Fasteignamarkaðurinn ehf., s. 570-4500, kynnir til sölu 836,6 fermetra hótel á 4 hæðum með lyftu og 31 herbergi, sem hvert og eitt er með sérbaðherbergi.

Auk þess eru meðal annars í eigninni móttaka með skrifstofu, eldhús með matsal, stórt þvottaherbergi í kjallara auk geymslna, língeymslna og starfsmannaaðstöðu.

Þakjárn og þakpappi voru endurnýjuð árið 2018 og þá var einnig skipt um öll þakborð sem þurfti. Árið 2018 var vesturgafl hússins klæddur.

Sprinklerkerfi er í húsinu og fullkomið brunaviðvörunarkerfi. Nýr brunastigi er á norðurlóð hússins og gler og gluggar í norðurhlið hafa verið endurnýjaðir.

Staðsetning eignarinnar er frábær í hjarta miðborgarinnar og eru öll leyfi til staðar til rekstrar hótels í eigninni.

Stækkun eignarinnar væri möguleg inn í aðliggjandi hús með því að kaupa upp íbúðir í þeim, en gólfplötur aðliggjandi húsa eru í sömu hæð.

**Nánari lýsing eignarinnar:**
Á 1. hæð hússins eru: móttaka með skrifstofu inn af, matsalur, eldhús og 2 herbergi með sérinngangi úr porti.
Á 2. hæð hússins eru: 9 hótelherbergi, hvert með sér baðherbergi auk gangs. Herbergi eru parketlögð, baðherbergi eru flísalögð og gangar og stigar eru nýteppalagðir.
Á 3. hæð hússins eru: 9 hótelherbergi, hvert með sér baðherbergi auk gangs. Herbergi eru parketlögð, baðherbergi eru flísalögð og gangar og stigar eru nýteppalagðir.

Á 4. hæð hússins eru: 9 hótelherbergi, hvert með sér baðherbergi auk gangs. Herbergi eru parketlögð, baðherbergi eru flísalögð og gangar og stigar eru nýteppalagðir.

Geymsluris er yfir 4. hæð hússins, óinnréttað og óeinangrað þak.

Í kjallara hússins eru: 2 hótelherbergi, hvort með sér baðherbergi, baðherbergi með sturtu fyrir starfsmenn, stórt þvottaherbergi með bakútgangi á lóð auk geymslna og língeymslna. ■

Allar nánari upplýsingar og tímapantanir á skoðun eignarinnar er að fá á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu fastmark@fastmark.is



# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Viðskiptablaðið · keldan



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmunds-dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Starfandi í 40 ár – 1982-2022

### *Skipholt 21 – Vel staðsett verslunar- og lagerhúsnæði - Til sölu eða leigu*



- Bjart og virkilega vel staðsett 339,3 fermetra verslunar- og lagerhúsnæði með góðri aðkomu, miklu auglýsingagildi og nægum bílastæðum á horni Skipholts og Nóatúns.
- Eignarhlutanum fylgja tvö sérmerkt bílastæði í porti á bakvið húsið þar sem vörumóttaka er möguleg.
- Verslunarhluti húsnæðisins auk kaffistofu og snyrtingar eru nýlega endurnýjuð á vandaðan og smekklegan máta og eru í góðu ástandi. Raflagnir og tafla fyrir verslunarhluta eru nýleg og verslunarrýmið, kaffistofa og snyrting í góðu ástandi.
- Þetta er ört vaxandi verslunarstaður og hefur staðsetningin mikið auglýsingagildi á fjölförnu umferðarhorni.

**Verð 129,0 millj.**

### *Hótel við Ránargötu.*



- 836,6 fermetra hótel á 4 hæðum með lyftu og 31 herbergi, sem hvert og eitt er með sérbaðherbergi innaf. Auk þess eru m.a. í eigninni móttaka með skrifstofu innaf, eldhús með matsal innaf, stórt þvottaherbergi í kjallara auk geymslna, língeymslna og starfsmannaaðstöðu.
- Sprinklerkerfi er í húsinu og fullkomið brunaviðvörunarkerfi. Nýr brunastigi er á norðurlóð hússins og gler og gluggar í norðurhlið hafa verið endurnýjaðir. Árið 2018 var vesturgafl hússins klæddur.
- Staðsetning eignarinnar er frábær í hjarta miðborgarinnar og eru öll leyfi til staðar til rekstrar hótels í eigninni.
- Stækkun eignarinnar væri möguleg inn í aðliggjandi hús með því að kaupa upp íbúðir í þeim, en gólfplötur aðliggjandi húsa eru í sömu hæð.

### *Hvolstún- Hvolsvelli*



- Glæsilegt 250,6 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum, að meðtöldum 47,5 fermetra innbyggðum bílskúr við Hvolstún á Hvolsvelli. Húsið er steinsteypt og byggt árið 2016.
- Húsið er bjart með stórum gólfsíðum gluggum á neðri hæð og fallegu útsýni af báðum hæðum.
- Fjögur góð svefnherbergi eru í húsinu, tvö á neðri hæð og tvö á efri hæð. Stofur eru stórar og mynda stórt opið rými við eldhús. Baðherbergi eru á báðum hæðum. Útgengi á hellulagða verönd til suðurs og austurs frá stofum.
- Lóðin er 798,0 fermetrar að stærð. Stór hellulögð verönd til suðurs og austurs.
- Staðsetning hússins er í útjaðri Hvolsvallar þar sem lóð hússins tengist fallegri náttúrunni með útsýni að Hvolsfjalli.

**Verð 99,9 millj.**

### *Heilsárshús við Halhallarstíg á Þingvöllum*



- Stórglæsilegt heilsárshús við Valhallarstíg Nyrðri nr. 10, í Þjóðgarðinum á Þingvöllum.
- Húsið er 88,7 fermetrar að stærð og stendur á gróinni lóð með háum trjágróðri og grasflöt handan götu við opið svæði nærri vatninu með víðáttumiklu útsýni til fjalla.
- Lóðin er leigulóð 4.000,0 fermetrar að stærð. Verönd við húsið er 176,5 fermetrar. Húsið er byggt úr timbri árið 2002 með flötu þaki. Arkitekt hússins er Pálmar Kristinsson.
- Hér er um að ræða eign í algjörum sérflokki. Allt efnisval bæði hið ytra og innra t.d. í innréttingum og gólfefnum er af vönduðustu gerð og öllu smekklega fyrirkomið. Stórar og miklar vandaðar harðviðarverandir, sem hvíla á steyptum súlum, umlykja húsið og setja á það mikinn svip.

## *Þarft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina ?*

*Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.*

**Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.**

**https://www.facebook.com/fastmark.is - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/**



# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

**Hlynur Ragnarsson**
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

**Rögnvaldur Örn Jónsson**
löggildingarnemi
rognvaldur@fold.is / 660-3452

## Þingvað 43, 110, Rvk. Endaraðhús, 6 herb.

**OPIÐ HÚS ÞRI 22/03 KL. 16:15-17:00**




203,7 fm endaraðhús á frábærum stað í Norðlingaholti. Húsið skiptist í neðri hæð þar sem er eldhús, baðherbergi, stofa, borðstofa, bílskúr sem búið er að breyta í tvö herbergi og geymsla. Á efri hæð eru 4 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og útgengt út á 31,3 fm svalir. **Verð 134,9 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn 22. mars kl. 16:15-17:00, verið velkomin.**
**Gæta þarf að sóttvörnum. Nánari upplýsingar, hlynur@fold.is / 624-8080.**

## Sætún - eignarland

**116 KJALARNES - REYKJAVÍK.**



Sætún Lóð B . Ca. 5.546 fm. atvinnulóð við þjóðveginn. Teikningar að ca. 2.900 fm. geymsluhúsnæði með 20 bilum. Teikningar eru skv. tillögum um geymslu/atvinnuhúsnæði sem mögulegt er að skipta í allt að 20 hólf með stórum innkeyrsludyrum á hverju hólfi. Heildarflatamál hvers bils með ca. 35 fm. millilofti er um 145 fm. Staðsetning frábær með tilkomu Sundabrautar. Fold er einnig með til sölu svæði A með 630 fm atvinnuhúsæði og byggingarrétti. **Verð 97,4 millj.**

## Skipholt 50c, 105 Rvk.

**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI MEÐ MIKLA MÖGULEIKA.**



Glæsilegt og vandað 264.5 fm skrifstofuhúsnæði að Skipholti 50c í Reykjavík til sölu. Eignin er á efstu hæð hússins og er með mikið útsýni yfir borgina til norðurs. Fullbúin eign með skrifstofum, eldhúsi, ræstiherbergi, skjalageymslu og tveim salernum og þar af annað með aðgengi fyrir fatlaða. Lyfta er í húsinu og einnig eru tröppur upp á hæðina. **Næg gjaldfrí bílastæði. Verð 130 millj.**
**Nánari upplýsingar, rognvaldur@fold.is / 6603452.**

## Dynjandisvegur 21

**SUMARHÚS Í BLÁSKÓGABYGGÐ.**



Mjög gott og vel byggt, rúmlega 70 fm sumarhús, byggt af Borgarhúsum 2008. Til viðbótar er geymsluhús á lóðinni. Parket og flísar á gólfum. Hitaveita. Gólfhiti. Heitur pottur. Stór verönd. Símahlið. Tvö svefnherbergi ásamt stofu og eldhúsi í sama rými. Glæsileg lóð með miklum gróðri. Leigulóð 4200 fm.

**Verð 37,5 millj.**

## Óskum eftir

**Vantar sérbýli til leigu fyrir sendiráð.**

**Um er að ræða 3-4 mismunandi einbýli, raðhús eða hæðir miðsvæðis í Reykjavík m/bílskúr.**

**Langtímaleiga.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Vantar til leigu

**Íbúðir í Æsufelli, Asparfelli, Hólunum, Bakka og Seljahverfi fyrir opinberan aðila.**

**Langur leigutími**
**Traustar greiðslur**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

***Þú finnur okkur á fold.is***



# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ómar Hvanndal
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2021



Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Árni Davíð Bergs
aðst. fasteignasala
Sími 625 2500

Friðrik Þ. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Péturs
hdl. og löggiltur fasteignasali

## Víkurgata 11
**210 Garðabær**




**Glæsilegt samtals 386,5 fm einbýlishús með þremur íbúðum og bílskúr á frábærum útsýnisstað við Urriðavatn**

- Tvær stórar íbúðir á sitthvorri hæðinni, stúdíóíbúð á neðri hæð og bílskúr á efri hæð (sem er innréttaður sem stúdíóíbúð)
- Húsið er hannað og teiknað af Baldri Svavarssyni hjá ÚTI og Inni Arkitektum
- Hér er allt mjög vandað og glæslegt
- Göngu og hjólastígar í allar áttir
- Heimörkin í göngufæri sem og golfvellirnir Setberg og Oddur Einnig stutt í skóla og verlsanir í Kauptúni
- Mjög áhugaverð toppeign

Verð: **295 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
**Sími: 896 8232**
thorhallur@miklaborg.is




## Reykjastræti 7
**101 Reykjavík - íb. 213**

**Sérlega glæsileg 129,5 fm 2ja herb. ásamt sérmerktu stæði í bílageymslu**

- Stór samliggjandi stofa og eldhús með útgengi bæði á vestur og austur svalir
- Veglegt svefnherbergi og rúmgott baðherbergi með baðkeri, sturtu og þvottaaðstöðu
- Vandaðar ítalskar innréttingar



**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 773 6000**
thorunn@miklaborg.is

**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 897 0634**
throstur@miklaborg.is

Verð: **128 millj.**




## Reykjastræti 5
**101 Reykjavík - íb. 409**

**Glæsileg björt og rúmgóð 2ja herbergja 80,9 fm og 12 fm yfirbyggðar suður svalir**

- Stór stofa með opnu eldhúsi
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Rúmgott svefnherbergi með góðu skápaplássi
- Aðgangur að heilsulind, líkamsrækt o fl á Editiona hótelinu gegn greiðslu



**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 773 6000**
thorunn@miklaborg.is

**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 897 0634**
throstur@miklaborg.is

Verð: **101 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**



**OPIÐ HÚS**
fimmdaginn 24. mars
kl. 16.00 - 16.30

## Hallgerðargata 9
**105 Reykjavík - íbúð 510**

**Nýleg 2ja herb 70,7 fm íbúð á 5. hæð með aukinni lofthæð**

- Nýtt parket á gólfi
- Nýr ískápur og uppþvottavél innbyggt í eldhúsinnréttingu
- Skiptist í andyri, stofu, eldhús svefnherbergi, baðherbergi og geymslu





Nánari upplýsingar veitir:
**Óskar S. Axelsson**
aðst. fasteignasala
**Sími: 691 2312**
osa@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali

Verð: **74,9 millj.**



**OPIÐ HÚS**
þriðjudaginn 22. mars
kl. 17.00 - 17.30

## Reykjavegur 80
**270 Mosfellsbær**





**Gott 169,5 fm einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr**

- Mikið endurnýjuð eign á stórri eignarlóð
- Stór stofa og borðstofa, útgengt á verönd
- Tvö stór svefnherbergi og hægt að bæta einu við
- Gestasnyrting og stórt baðherbergi endurnýjað
- 12 fm áhaldageymsla m rafmagni



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

Verð: **97,5 millj.**

## Skúlagata 10
**101 Reykjavík**



**Góðar leigu tekjur**

**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jórunni í síma **845 8958**

**Glæsilegt 149 fm húsnæði, búið að skipta í tvær íbúðir eða skrifstofur**

- Sérinngangur, gólfsíðir gluggar
- Nýbúið að endurnýja, eldhús, baðherbergi, stofur, gólfefni, loftræstikerfi sem og raflagnir
- Húsnæði á einu fastanúmeri
- Einstök staðsetning við miðborg Reykjavíkur
- Laust strax






Verð: **93,9 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is

**EINSTAKT TÆKIFÆRI**



**PANTIÐ SKOÐUN**
í síma **775 1515** eða **625 2500**




## Steinar - gistiheimili
**240 Grindavík**

**158,9 fm einbýli/gistiheimili með góðum leigutekjum**

- Sex herbergja gistiheimili á góðum stað í Grindavík
- Eignin er að mestu endurnýjuð, bæði innandyra sem og utan
- Góðir leigutekjur
- Bílskúr skráður ca 30 fm
- Lóðin er 1098 fm að stærð




Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Árni Davíð Bergs**
aðst. fasteignasala
**Sími 625 2500**
arni@miklaborg.is

Verð: **54,9 millj.**



**PANTIÐ SKOÐUN**
í síma **775 1515** eða **770 0500**

## Hrólfsskálamelur 1
**170 Seltjarnarnes - íb. 202**

**Falleg 75 fm íbúð á annarri hæð, með stæði í bílageymslu**

- Eldhús er opið inn í bjarta stofu með stórum gluggum í vestur
- Rúmgott svefnherbergi
- Svalir snúa í vestur og er því sólríkar seinni partinn
- Stutt í skóla, íþróttir, verslanir
- Fallegar gönguleiðir
- 10 fm geymsla í kjallara





**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir**
aðst. fasteignasala
**Sími: 770 0500**
iris@miklaborg.is

Verð: **74,9 millj.**



**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
hjá Jasoni, Írisi og Árna

## Klettatröð 8
**235 Ásbrú**

**Sérlega vandað 1815 fm skrifstofuhúsnæði á Ásbrú í Reykjanesbæ.**

- 1815 fermetrar á tveimur hæðum.
- Stórt malbikað bílastæði fyrir framan húsið.





**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir**
aðst. fasteignasala
**Sími: 770 0500**
iris@miklaborg.is

**Árni Davíð Bergs**
aðst. fasteignasala
**Sími 625 2500**
arni@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

**NÝBYGGING**



**HAFIÐ SAMBAND**
við Óskar í síma **691 2312**

## Vesturbakki 3 og 5
**815 Þorlákshöfn**

**65 fm geymsluhúsnæði á besta stað við höfnina**

- Með innkeyslu og gönguhurð
- Malbikað plan umhverfis húsin
- Skiptist í 12, 65 fm einingar
- Afhendist í ágúst 2022





**Óskar S. Axelsson**
aðst. fasteignasala
**S: 691 2312**
osa@miklaborg.is
**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali

Verð: **19,7 millj.**



**OPIÐ HÚS**
þriðjudaginn 22. mars
kl. 12.00 - 12.30

## Bergþórugata 23
**101 Reykjavík**

**Falleg 91,6 fm íbúð á jarðhæð**

- 2 svefnherbergi
- Sérútgengi út í garð
- Nýlega endurnýjað eldhúsið
- Geymsla í kjallara.
- Laus við kaupsamning





**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir**
aðst. fasteignasala
**Sími: 770 0500**
iris@miklaborg.is

Verð: **55,5 millj.**

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar


RÁÐNINGAR
Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.
Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.
Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.
RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI
**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.
intellecta
**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is


job
Finnum draumastarfið **saman**
Erum við að leita **að þér?**

valborgfs.is

# Glæsilegar eignir til sölu

VALBORG
FASTEIGNASALA




**Reykholt, Borgarfirði**

**Glæsilegt 231,6 fm heilsárshús í Reykholti, Borgarbyggð.** Húsið er staðsett á einstaklega fallegum stað innst í götu með fallegu útsýni. Húsið er smíðað á staðnum af Sigurði Árna Magnússyni húsasmíðameistara og arkitekt hússins er Ómar Pétursson. Húsið skiptist í anddyri, hol, stóra stofu með opnu eldhúsi, tvö baðherbergi, fjögur svefnherbergi þar af hjónasvíta með baðherbegi, þvottahús ásamt geymslu og bílskúr.




**Súlunes 16, Arnarnesi Garðabæ**

**Glæsilegt 367,1 fermetra einbýlishús á 1.671 fm eignarlóð með útsýni á Arnarnesinu í Garðabæ.** Mikil lofthæð er í öllu húsinu. Sérsmíðaðar innréttingar. Innihurðir eru 2,35 m á hæð. Arinn í stofu. Spa með útgengi í garð. Gólfefni eru vandaðar granítflísar ásamt gegnheilu Yberaro parketi.




**Brautarland 10, Fossvogi Reykjavík**

**178 fm raðhús á einni hæð ásamt 28 fm bílskúr eða samtals 206 fm,** á þessum vinsæla stað neðan götu í Brautarlandi Fossvogi. Í húsinu er einnig rúmlega 100 fm fokhelt rými i kjallara en að hluta til með gluggum út í garð sem hægt væri nýta til stækkunar. Rýmið er með fullri lofthæð. Glæsilegur, rótgróin, stór og skjólgóður suðurgarður. Næg bílastæði eru við húsið. Góð eign á besta stað í borginni.

Allar upplýsingar veita:

**Skoðum og verðmetum eignir samdægurs**

Nóatún 17 | 105 Reykjavík
valborg@valborgfs.is | Sími 419 7900



**Elvar Guðjónsson**
Viðskiptafræðingur
Lögg. fasteignasali
**Sími 895 4000**
elvar@valborgfs.is



**María Sigurðardóttir**
Viðskiptafræðingur
Lögg. fasteignasali
**Sími 820 1780**
maria@valborgfs.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN**

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is




**Lausar stöður / Available positions**

Deildarstjóri á veitingastað / Rooftop Manager
Stjórnandi í söludeild / Sales Manager Transient
Stjórnandi í veitingahluta söludeildar / Catering Sales Manager
Forstöðumaður veitinga og viðburðadeildar / Director of Catering
Stjórnandi í bókunardeild / Reservation Manager
Öryggisstjóri / Security Manager
Þjónn / Server

## Um The Reykjavik EDITION

The Reykjavík EDITION er einstök blanda af lífstíls og lúxushóteli sem býður upp á það besta þegar kemur að veitingastöðum, afþreyingu, þjónustu og þægindum. Hótelið er hluti af Marriott International hótelkeðjunni sem rekur 8000 hótel um allan heim sem starfsmenn njóta fríðinda á. Um er að ræða alþjóðlegt starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á faglegar ráðningar, heimsklassa þjálfun og tækifæri til starfsþróunar á alþjóðavísu. Við tökum vel á móti þér.

Sjá fleiri stöður og atvinnutækifæri á Alfred.is / please find job posts on alfred.is
Nánari upplýsingar á / further information: careers.rek@editionhotels.com

# LOFTVIFTUR
## Dreifðu varmanum betur



Jafnara hitastig
Lægri kyndikostnaður
Betri loftgæði

Sjáðu úrvalið www.viftur.is

Án viftu
27°
22°
18°
Ójafn hiti og heitast efst.

Með viftu
22°
Jafnari hiti og bætt loftflæði

Loftviftur spara orku með því að jafna hitastigið. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður. Á sumrin kæla vifturnar.

**LOFTRÆSTING**
FERSKT HREINT LOFT

**HITAVÍR - KIT**
Í ÞAKRENNUR 5-10-15-25 M
Verð frá: 14.445

**HLJÓÐLÁTIR**
BLÁSARAR

**KRAFTVIFTUR**
ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR
Verð: 13.898 kr

**ÞURRKTÆKI**
LÆKKAÐU RAKASTIGIÐ
Verð frá: 45.990

**FRAMKVÆMDAVIFTA**
ÚTSOGSVIFTA
- DRAGÐU ÚR RYKI
Verð: 40.000 kr
-30 cm án barka

íshúsið viftur.is
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# KEEN GÖNGUSKÓR OG SANDALAR




KEEN

## Targhee Mid ♂

**28.990 kr.**

## Stingum af...



**Targhee Mid ♀**
Uppháir gönguskór
**28.990 kr.**



**Venice II H2 ♀**
Stillanlegt hælband, lokuð tá
**15.990 kr.**



**Venice ♀**
Lokað hælband og tá
**16.990 kr.**



**Venice H2 ♀**
Lokað hælband og tá
**17.990 kr.**



**Newport ♂**
Gott grip, lokuð tá
**20.990 kr.**



**Newport H2 ♂**
Lokað hælband, lokuð tá
**18.990 kr.**



**Targhee WP ♂♀**
Lágir gönguskór
**25.990 kr.**

GG • SPORT

**Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!**

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

# Litli prinsinn í nýjum búningi á árlegri hátíð franskrar tungu sem nú er haldin

arnartomas@frettabladid.is

Hátíð franskrar tungu, sem haldin er alþjóðlega ár hvert, stendur yfir þessa dagana. Á Íslandi stendur Alliance Française í Reykjavík að baki viðburðinum sem var upphaflega dagur, svo vika, en er nú orðinn að heilum mánuði, enda nóg af franskri menningu sem hefur safnast saman í faraldrinum.

Dagskrá hátíðarinnar hófst laust fyrir helgi með kynningu á Litla prinsinum. Ævintýri flugmannsins Antoine de Saint-Exupéry, sem kom fyrst út árið 1943, hefur verið þýtt á yfir 190 tungumál og selst í meira en 80 milljónum eintaka. Froskur útgáfa gaf nýlega út teiknimyndasögu eftir Joann Sfar á íslensku um Litla prinsinn. Guðrún Emilsdóttir, þýðandi bókarinnar, segir að sakleysi Litla prinsins sé ein af ástæðum vinsælda hans.

„Sumir segja að bókin sé um dauðann en við viljum meina að hún sé aðallega um vináttu almennt,“ segir hún. „Þessi hreina, hjartagóða vinátta á enn þá leið inn í hjörtu fólks í dag og Litli prinsinn var ekki síður hugsaður sem bók fyrir fullorðna.“

Í upprunalegri útgáfu bókarinnar voru myndir eftir Saint-Exupéry sjálfan sem eru í dag orðnar mjög íkonískar. Guðrún segir það hafa verið ákveðna áskorun að vinna í kringum þennan nýjan myndheim.

„Það er alltaf þannig með myndasögur að myndefnið og textinn helst í hendur og þegar við vorum að vinna þessa bók fundum við að það var ýmislegt úr frumtextanum sem átti ekki við,“ segir hún. „Þetta var samt mjög skemmtilegt og opnar kannski á söguna fyrir nýjan markhóp sem er spennandi.“



Guðrún ásamt Jean Posocco, útgefanda bókarinnar. MYND/AÐSEND

> **Þessi hreina, hjartagóða vinátta á enn þá leið inn í hjörtu fólks í dag og Litli prinsinn var ekki síður hugsaður sem bók fyrir fullorðna.**

Myndasöguhefðin í Frakklandi er sterk og hefur Guðrún komið að þýðingu nokkurra þeirra á íslensku.

„Það vantar aðeins upp á áhuga hjá fullorðnum á myndasögum á Íslandi,“ segir hún. „Okkur langar svo að opna þennan heim fyrir fólki því þetta er svo stór hluti af menningunni í Frakklandi.“

Samhliða útgáfu bókarinnar stendur nú yfir sýning í Alliance Française á verkum úr bókinni á bæði íslensku og frönsku. Þá verður fjölbreytt dagskrá í boði á borð við vinnustofur, pub-quiz og annað sem má kynna sér nánar á af.is. ■




Saint-Exupéry myndskreytti sjálfur upphaflega útgáfu bókarinnar.

---



Ástkær systir okkar,
**Karen Eva Vestfjörð**
lést 6. mars.
Útförin fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 24. mars kl. 13.

**Systkini og fjölskyldur.**

---



Elskulegur sonur okkar og bróðir,
**Sveinn Ingi Garðarsson**
varð bráðkvaddur að heimili sínu í Osló sunnudaginn 6. þ.m.
Útförin hefur farið þar fram í kyrrþey.

**Dagny Ellingsen Garðar Sigurgeirsson**
**Benedikt Garðarsson**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigurður Jóhann Ágústsson**
blikksmiður,
Fróðengi 7,
lést á Landspítala Landakoti föstudaginn 11. mars. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. mars kl. 10.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Lára Dagbjört Sigurðardóttir**
Kleppsvegi 62, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Laugarási 25. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Kærar þakkir til starfsfólks Vífilsstaða og Hrafnistu Laugarási fyrir hlýja og góða umönnun.

**Kristbjörn Theodórsson María K. Sigfúsdóttir**
**Dagbjört Theodórsdóttir**
**Theodóra Theodórsdóttir Christer Björklund**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**Hildigunnur Hjálmarsdóttir**
er látin.

**Uggi Agnarsson Margrét Guðnadóttir**
**Úlfur Agnarsson Ásta Gunnlaug Briem**
**Sveinn Agnarsson Gunnhildur Björnsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Ásta Kristjánsdóttir**
lést á dvalarheimilinu Grund við Hringbraut, þriðjudaginn 15. mars. Útförin verður gerð frá Áskirkju föstudaginn 1. apríl klukkan 15.
Starfsfólki Grundar er þakkað fyrir umhyggju og hlýhug. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Ástusjóð (astusjodur.is).

**Sigríður Einarsdóttir Þorgeir Kristjánsson**
**Stefán Einarsson Inga Þórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæra
**Ólöf Þórey Haraldsdóttir**
er látin.
Útförin fer fram í dag, 22. mars, kl. 15 í Fossvogskapellu.
Innilegar þakkir til starfsfólks á Landakotsspítala fyrir fagmennsku, hlýju og umönnun af alúð.

**F.h. aðstandenda,**
**Ásgeir Sigurðsson**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Hermann Bridde**
bakarameistari,
lést 18. mars sl. á Hrafnistu Reykjavík.
Útförin verður auglýst síðar.

**Friðrik Bridde**
**Einar Bridde Guðný Steinunn Guðjónsdóttir**
**Karl H. Bridde Sigrún Ævarsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Okkar ástkæra
**Ingveldur Pálsdóttir**
Hverfisgötu 92b,
lést á Spáni miðvikudaginn 16. mars.
Jarðarför auglýst síðar.

**Jóhannes Ólafsson**
**Ásta Þórunn Jóhannesdóttir Brynjar Húnfjörð**
**Ólafía Jóhannesdóttir**
**Einar Páll Jóhannesson**
**Páll Aronsson Inga Einarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Guðrún Friðgeirsdóttir**
lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 19. mars sl.

**Stefán Briem**
**Axel Jóhannsson**
**Bodil Fich**
**Snorri Briem Rachel Briem**
**Kjartan Briem Erla Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæra
**Charlotta Vilborg Halldórsdóttir**
lést á dvalarheimilinu Ási fimmtudaginn 17. mars.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 24. mars kl. 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Helga Baldursdóttir**

---



Okkar ástkæri
**Þorsteinn Jón Óskarsson**
fyrrum forstöðumaður hjá Pósti og síma,
Krummahólum 4, Reykjavík,
lést á Hrafnistu Laugarási sunnudaginn 27. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 24. mars kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Ljósið.
Athöfninni verður streymt á:
https://www.youtube.com/watch?v=YDywnxqY-dA

**Svanhildur Halldórsdóttir**
**Edda Þorsteinsdóttir Halldór Guðmundsson**
**Einar Baldvin Þorsteinsson Sally Thorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
**Bárður K. Vigfússon**
leigubifreiðarstjóri,
áður til heimilis að Sólvöllum 15, Selfossi,
lést mánudaginn 14. mars á hjúkrunarheimilinu Fossheimum, Selfossi. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 25. mars kl. 14.00. Athöfninni verður streymt á vef Selfosskirkju: selfosskirkja.is.

**Brynja Ágústsdóttir**
**Gestur R. Bárðarson Erna Steina Guðmundsdóttir**
**Kristinn M. Bárðarson Gerða Arnardóttir**
**og afkomendur.**

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Úrval úr Fréttavöktum vetrarins.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Útkall** Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
**20.00 433.is** Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2009-2010** Álftanes - Garðabær.
**14.30 Andri á flandri - Í Vesturheimi(2 af 6)Gimli**
**15.05 89 á stöðinni**
**15.20 Lífsins lystisemdir**
**15.50 Kiljan**
**16.30 Menningarvikan**
**17.00 Íslendingar** Kristján Eldjárn.
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Krakkar í nærmynd**
**18.18 Tilraunastofan**
**18.41 KrakkaRÚV - Tónlist** Prófessorinn kynnir sig - Óttarr Proppé.
**18.45 Krakkafréttir** Helstu fréttir settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt.
**18.50 Lag dagsins** Rakel og Lón – Runaway.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Sjálfsvíg karla Stopping Male Suicide** Heimildarþáttur frá BBC þar sem dr. Xand Van Tulleken rannsakar hvers vegna svo margir ungir karlmenn í Bretlandi svipta sig lífi, en sjálfsvíg er helsta dánarorsök karlmanna undir 50 ára í Bretlandi.
**21.00 Trúður Klovn** Félagarnir Frank og Casper snúa aftur í áttundu þáttaröð dönsku gamanþáttanna Trúður, eða Klovn.
**21.30 Laustengd og liðug Semi-Detached**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Snjóenglar Snöänglar**
**23.20 Griðastaður Sanctuary**
**00.05 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.00 Survivor (1.15)**
**15.45 Survivor (2.15)**
**16.30 Spin City**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 The Block**
**20.10 Ordinary Joe** Bandarísk þáttaröð sem fjallar um það hvernig ein lítil ákvörðun getur gjörbreytt ævi þinni.
**21.00 FBI**
**21.50 FBI. Most Wanted**
**22.40 Why Women Kill**
**23.30 The Late Late Show**
**00.15 Berlin Station**
**01.55 Station 19**
**03.25 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.25 The O.C.**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**09.55 Rax Augnablik**
**10.05 Hell's Kitchen**
**10.45 Call Me Kat**
**11.10 Queen Sugar**
**11.50 Shark Tank**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 30 Rock**
**13.15 Amazing Grace**
**14.45 City Life to Country Life**
**16.15 Bætt um betur**
**16.45 Grey's Anatomy**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Hell´s Kitchen USA**
**19.55 B Positive**
**20.15 S.W.A.T.**
**21.05 Magnum P.I.**
**21.50 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham** Outlander-stjörnurnar Sam Heughan og Graham McTavish fara í merkilegt ferðalag um Skotland til að fræða okkur um flókna sögu þess og menningararf.
**22.15 Last Week Tonight**
**22.50 Cold Case**
**23.35 Cold Case**
**00.20 Outlander**
**01.30 Nach**
**01.55 Supernatural**
**02.35 The O.C.**
**03.15 Call Me Kat**
**03.40 Queen Sugar**

## Sjöfn Þórðar skoðar nýtt og breytt heimili Maríu Gomez

Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld. Þar mun Sjöfn Þórðardóttir heimsækja Maríu Gomez en hún hefur staðið í miklum framkvæmdum á heimili sínu. Munu áhorfendur sjá hvernig umhorfs var þar áður en þær hófust og útkomuna að þeim loknum.



## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
1 söngleikur
5 færa
6 í röð
8 ávöxtur
10 íþróttafélag
11 teygja
12 vegghamar
13 tala
15 skilgreining
17 bókfesta

**LÓÐRÉTT**
1 aukast
2 leysir
3 kostur
4 kk nafn
7 reyktur
9 dyntir
12 hólbunga
14 ferð
16 tveir eins

**LÁRÉTT:** 1 revia, 5 ýta, 6 gh, 8 melóna, 10 kr, 11 þan, 12 berg, 13 stak, 15 túlkun, 17 ritun.
**LÓÐRÉTT:** 1 rýmkast, 2 eter, 3 val, 4 agnar, 7 hanginn, 9 óþekkt, 12 bali, 14 túr, 16 uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Stejnikov átti leik gegn Jaskov í Sovétríkjunum sálugu árið 1988.

**1.Dxg7+ Kxg7 2.Hg4+ Kh6 3.Hd6+ f6 4.Hxf6+ Kh5 5.Hh4+** (5.Hg7! vinnur líka) **5...Kg5 6.f4+ Kxh4 7.Kh2 Hxe7 8.Hh6+ Dh5 9.g3# 1-0.**
Rimaskóli varð þrefaldur Íslandsmeistari á Íslandsmóti stúlknasveita sem fram fór um helgina.

**www.skak.is:** Þriðjudagmót hjá TR í kvöld.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 7 | 6 | | 2 | | 4 | |
| 6 | | | | | 5 | | 2 | |
| 9 | 5 | | | 4 | 8 | | | 1 |
| | 2 | | | 6 | | 1 | 9 | |
| | 4 | | | 5 | | 2 | | 8 |
| 3 | | | | | 7 | 5 | | |
| | | | 1 | | 4 | 7 | | |
| | | 9 | | 8 | | | | |
| 8 | 1 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | | | 6 |
| | | 5 | | | | 4 | | 9 |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 2 | | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | | | | 8 | | | 3 |
| | | | 7 | | | | 5 | |
| 1 | 3 | 4 | | | 2 | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| 6 | 7 | 2 | | 5 | 9 | 3 | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli






# Osprey Bakpokar

## -eitt mesta úrval landsins!

**GG SPORT**
*Stingum af ...*






**Transporter Duffel**
Verð frá: **23.990 kr**



**Seral 7**
Mittistaska með vatnspoka
Verð: **17.990 kr**



**Regnplast í ýmsum stærðum**
Verð frá: **4.190 kr**



**Daylite 13L**
Alhliða bakpoki
Verð: **11.990 kr**



**Arcane Large Day**
Verð **18.990 kr**
Frábær fyrir skólann, í vinnuna eða hvenær sem er



**Skimmer 20L ♀ Skarab 22L ♂**
Verð: **17.990 kr**
Bakpoki sem hentar vel sem dagpoki, vandaður og þægilegur



**Talon 22L ♂ Tempest 20L ♀**
Verð: **26.990 kr**



**Skipulagspokar**
Þrír saman í einum pakka
Verð: **6.490 kr**

**Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!**

@ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15






**MARIBO** Tungusófi, vinstri eða hægri. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. ~~169.990 kr.~~
**Nú 127.493 kr.**



**RICHMOND**
Borðstofuborð, olíuborin eik. Ø120 cm. ~~99.990 kr.~~
**Nú 79.992 kr.**



**YORK**
Borðstofustóll. Dökkgrár, brúnn eða svartur. ~~26.990 kr.~~
**Nú 21.592 kr.**

*Fáðu innblástur*
í glæsilegu tímariti Húsgagnahallarinnar

Skannaðu QR-kóðann til að lesa þetta stórglæsilega tímarit




husgagnahollin.is/hollin-min/

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

HÚSGAGNA HÖLLIN
**www.husgagnahollin.is**
**Sími:** 558 1100

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut




Snorri sýnir málverk og vídeó í Portfolio. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Listamaður sem nennir ekki að dvelja í leiðindum



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb
@frettabladid.is

**Gaman er yfirskrift sýningar Snorra Ásmundssonar í Portfolio gallerí á Hverfisgötu. Þar sýnir hann málverk, blöndu af nýjum verkum og eldri sem ekki hafa verið sýnd áður, og vídeóverk þar sem hann dansar undir alls konar danstónlist.**

„Það sem tengir verkin saman er að þau tengjast tilfinningalífi mínu og lífi mínu sem jarðarbúa og listamanni," segir Snorri. „Eitt verkið ber nafnið á rakspíranum mínum og þar sést glitta í lógó á uppáhalds fótboltaliðinu mínu. Ég á tveggja ára vin sem hefur gaman af vörubílum og er með eina slíka mynd á sýningunni og einnig mynd af kúrekastígvélum sem hefur verið vinsælt mótíf hjá mér síðustu ár. Svo eru þarna nokkur portrett."

Mikil og merkileg saga er á bak við eitt verkanna á sýningunni sem heitir María, Jesús og Mjallhvít. Sú mynd var sýnd á sýningu í Listasafni Akureyrar fyrir nokkrum árum.

### Skilaboð að handan

„Síðasta sumar var ég staddur í Svíþjóð og þá hafði Sara María Júlíusdóttir samband við mig, en hún hefur mikið unnið í andlegum málum. Hún segist vera með kveðju frá látnum íslenskum listamanni, sem ég kannaðist við. Hann hafði brennt verk sín og svip sig lífi. Sara, sem var stödd í sumarbústað fjölskyldu þessa manns, segir mér að hún hafi vaknað við það um nóttina að listamaðurinn hélt í höndina á henni og var allur brunninn. Hann hafi beðið fyrir kveðju til mín og sagst hafa áhuga á mynd í stúdíóinu mínu. Sara spyr hvort ég hafi málað Jesú. Ég segi að ég hafi gert það, ég eigi mynd af Maríu mey með Jesú. Það er myndin, segir hún og bætir við að hann vilji að þessi mynd verði í sumarbústað fjölskyldu hans.

Mér fannst þetta mögnuð saga og hafði samband við Steingrím Eyfjörð vin minn sem hefur unnið verk með miðlum. Honum fannst þetta stórmerkilegt og sagði að ég yrði að bregðast við. Ég hafði samband við Söru Maríu og sagðist vera tilbúinn að láta myndina upp í sumarbústaðinn. Nú er ég með þessa mynd á sýningunni."

> **Fólk sem þekkir mig segir gjarnan: Það er alltaf gaman hjá þér – og það er yfirleitt alltaf gaman hjá mér.**



Verkið María, Jesús og Mjallhvít.

Snorri segist vera opinn fyrir því dulræna. „Ég var mikill efahyggjumaður enda ekki alinn upp við mikla trú en á ferðalagi mínu í gegnum lífið hef ég opnast meira og meira fyrir hinu dulræna. Efinn er svo leiðinlegur, hann setur mann í box. Maður getur heldur ekki gert lítið úr upplifun fólks."

### Alltaf gaman

Yfirskrift sýningarinnar er Gaman. „Þetta er svo hlýtt orð og í þeim raunveruleika sem við búum við í dag þá er yfirlýsing í þessum titli. Fólk sem þekkir mig segir gjarnan: Það er alltaf gaman hjá þér – og það er yfirleitt alltaf gaman hjá mér. Ég nenni ekki að dvelja lengi í leiðindum.

Ég hef mjög gaman af því að mála en oft reynir málverkið á mig og þó að viðfangsefnið líti út fyrir að vera einfalt eða poppað hefur oft átt sér stað mikill tilfinningarússíbani við gerð verksins, ekki síst vegna þess hversu flókið líf listamannsins er á köflum." ■


REXTON
DULDIR HÆFILEIKAR
AÐ HEYRA ÓSJÁLFRÁTT
ÞAÐ MIKILVÆGASTA
Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

## Vel gert



**Matur**
Framúrskarandi bröns

Á veitingastaðnum BRÚT hefur eitthvað gerst. Brönsinn er svo framúrskarandi að annað eins hefur varla sést á Íslandi. Það má telja staðnum margt til tekna, en sem dæmi má nefna að úrvalið af vegan mat er afspyrnugott, og heyrir grænkeraseðillinn til helminga þess sem boðið er upp á í kalda borðinu, í heita borðinu og líka í eftirréttum. Þetta er bæði óvenjulegt og til fyrirmyndar.

Hráefnið er íslenskt, matreitt á frumlegan hátt og vel nýtt. Maturinn er þannig bæði hollur og sparilegur í senn. Nákvæmlega eins og bröns á að vera.

Fyrir þá sem vilja fá sér kaffidrykki, mímósur eða eina kolgráa blóðuga Maríu með matnum er það einnig í boði og innifalið í hófstilltu heildarverði.

Brönsinn er framreiddur í björtu og fallegu rými staðarins í hjarta miðbæjarins að Pósthússtræti 2. ■

## Spurningin

### Anna, hvað ertu að lesa?



**Anna Sigríður Þráinsdóttir** *málfarsráðunautur RÚV*

Ég er alæta á bækur og hef undanfarið gleypt í mig hverja bókina af annarri. Á náttborðinu er Guð leitar að Salóme, yndislega ljóðræn og falleg bók eftir Júlíu Margréti Einarsdóttur, og á skrifborðinu Ættarnöfn á Íslandi, eftir Pál Björnsson, um aldalangar deilur um ættarnöfn, mjög áhugaverð umfjöllun. Svo var ég að hlusta á Sextíu kíló af kjaftshöggum eftir Hallgrím Helgason í óborganlegum lestri höfundar og Meydóm, átakanlega sannsögu Hlínar Agnarsdóttur, líka í lestri höfundar. Það eru sönn lífsgæði að fá að njóta góðra bóka og ég nota hvert tækifæri sem gefst til þess.



**Anna Hafþórsdóttir** *rithöfundur og leikkona*

Ég er að lesa bókina Gift eftir Tove Ditlevsen. Þetta er þriðja bókin í þríleik um líf Tove, hún er orðin tvítug og bókin fylgir henni svo í gegnum nokkur hjónabönd, barneignir og baráttu við fíkn. Vel skrifuð og af mikilli næmni, frásögnin er bæði látlaus og hispurslaus. Síðasta bók sem ég las var Dyngja eftir Sigrúnu Pálsdóttur. Frábær skáldsaga um bóndadóttur um miðbik 20. aldar sem langar að starfa í karllægri starfsstétt og hefur mikla hæfileika í faginu en það reynist henni flókið að láta drauma sína rætast. Virkilega skemmtileg lesning og spennandi, áhugaverðir karakterar sem er gaman að fylgja og svo kyndir þetta vel undir réttlætiskenndinni. ■

# Veðrið er líka aðalumræðuefnið í Færeyjum

> „Margt býr í þokunni og í bland við fræðslu um þetta magnaða veðurfyrirbæri opnast ævintýra- og þjóðsagnaheimur á sviðinu.



Margt býr í þokunni. Gunnvá Zachariassen, Hilmir Jensson og Aðalbjörg Árnadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Þoka er íslensk/færeysk leiksýning fyrir börn sem leikur á mörkum vísinda og þjóðsagna og verður frumsýnd í lok mars í Borgarleikhúsinu. Í verkinu er leikið sér að nálægð, fegurð og húmor þessara tveggja tungumála.**

margret@frettabladid.is

Aðalbjörg Árnadóttir leikstjóri kynntist færeyskunni í gegnum leikhúsið þegar hún lék í Veislu í Færeyjum, sem var byggt á dönsku myndinni Festen.

„Ég og maðurinn minn, Hannes Óli, lékum hjón og fluttum til Færeyja um tíma þar sem við heilluðumst af landi og þjóð. Þetta var algjört ævintýri og við eignuðumst góða vini og enduðum með að vinna til stórra verðlauna í Danmörku. Í verkinu lék ég á færeysku og blótaði smá á íslensku. Þá kynntumst við líka færeysku þokunni. Ég tala ekki góða færeysku en ég skil hana mjög vel og finnst mjög gaman að grúska í líkindum þessara tungumála.“

Nú hafa Aðalbjörg og Salka Guðmundsdóttir, hinn höfundur Þoku, velt sér enn frekar upp úr líkindum málanna og þjóðanna. „Sýningin fjallar um náttúrufyrirbrigðið þoku, sem er, þegar öllu er á botninn hvolft, lítið annað en sveimur örsmárra vatnsdropa, ský sem liggur við jörðu.“

**Grindamjørki þýðir hvala-þoka**

Þokuvísindafólkið Hulda og Karlsson, sem leikin eru af Gunnvá Zachariassen og hinum íslenska Hilmi Jenssyni, eru komin á vettvang með mælitæki sín til að leita ofur sjaldgæfrar þoku. „Verkefni þeirra reynist þó allt annað en einfalt því margt býr í þokunni og í bland við fræðslu um þetta magnaða veðurfyrirbæri opnast ævintýra- og þjóðsagnaheimur á sviðinu. Gunnvá er stórstjarna í færeyskri leiklist og hún segir að veðrið sé líka alltaf umræðuefni í Færeyjum svo við eigum þetta sameiginlegt, þjóðirnar. Frændur okkar Færeyingar eiga þó mun fleiri orð yfir þokuna en við, sum þeirra eru mjög sértæk eins og til dæmis grindamjørki sem þýðir hvala-þoka, sem sagt þoka sem fær hvali til að koma.“

**Orðalisti**

| Íslenska | Færeyska |
|---|---|
| grýlukerti | glerpípa |
| galdrakerling | gandakerling |
| hræddur | bangin |
| regnbogi | ælabogi |

**Sumt skiljum við með hjartanu**

Verkið er leikið bæði á íslensku og færeysku og Aðalbjörg segir að hópurinn velji orðin vandlega og leiki sér með nálægð og fegurð tungumálanna og ekki síst húmorinn. „Við þurfum ekki að skilja allt með eyrunum, sumt skilur maður með augunum eða jafnvel hjartanu. Maður skilur til dæmis alveg þegar einhver réttir manni höndina og býður manni upp á dans, inn í fallegri þoku eins og sóltámi.“

Færeyskan á fjölda orða um mismunandi þoku, eins og íslenskan. „Uppáhaldsþokur vísindamannanna í verkinu eru hin íslenska dalalæða, sömuleiðis rotveður og regnskadda sem eru færeysk orð yfir blautar þokur, eins og grubba og suddi á íslensku. Þau eiga líka sýni af þokum eins og brimdoða og pollamjørka.“ ■

# Spark í magann og koss á vangann

**TÓNLEIKAR**

**GusGus – 25 ára afmælistónleikar**
**Hörpu**
Helgina 18.-19. mars 2022

Nína Richter

Þegar undirrituð var 17 ára gömul skrópaði hún, ásamt 20 öðrum úr sama skóla, í fjóra daga til að taka rútu þvert yfir landið og komast á Airwaves-hátíðina. Markmiðið var ekki að sjá erlenda gesti heldur flottasta band í heimi, GusGus. Við biðum í röð fyrir utan Nasa í 4 klukkutíma. Það var þess virði.

Átján árum seinna slær GusGus upp veislu í Eldborgarsal Hörpu, í tilefni 25 ára afmælis sveitarinnar sem var fyrir tveimur árum síðan. Harpa hefur kosti og galla sem tónleikastaður fyrir dansvæna raftónlist. Hljóðið er ónýtt undir vængjunum, en stórkostlegt á bekk 16 þar sem ég sit innan um fólk á fimmtugsaldri. Netabolum tónleikagesta hefur verið skipt út fyrir jakkaföt. Hliðar saman hliðar innan um rauðu sætin.

En hvernig á að gera þremur áratugum af sögu stærsta rafbands á Íslandi skil á tveimur klukkustundum?

Stuttmynd með ágripi af sögu sveitarinnar rúllar fyrir augum gesta í upphafi sýningar. Þaulsætnustu meðlimirnir Biggi Veira og Daníel Ágúst á unglingsárunum með gráa úthverfablokk í bakgrunni. Sjálfsöruggir og sjarmerandi. Glefsur úr myndböndum. Nostalgían ljúfsár eins og spark í magann og koss á vangann.

Á sviðinu eru þeir komnir langt í burtu frá þessari blokk, hoknir af reynslu en beinir í baki, að miðla stemningu sem litað hefur skemmtanalífið í á þriðja áratug. Daníel Ágúst eins og dávaldur og Biggi á bak við eins og brúðumeistari. Sviðshönnun er framúrskarandi og greinilega vandað til verks. Þetta fólk veit nákvæmlega hvað það er að gera.

Þegar David ómar yfir salinn sakna ég Urðar, en er þakklát fyrir Margréti, yngsta og nýjasta meðliminn. Margrét er listamaður í heimsklassa og stelur senunni í hvert sinn sem hún er á sviðinu.

Emilíana Torrini kemur inn og syngur Why yfir Wurlitzerinn. Fólk sest í sætin sín eins og Jesús sjálfur hafi gengið inn. „Guð, hvað ég er skotinn í henni,“ umla strákarnir í röðinni fyrir aftan mig einn af öðrum.



GusGus fyllti Eldborgarsal Hörpu í þrígang um helgina. MYND/RÉZA KALFANE

Prógrammið er mjög langt og mispétt. Elstu slagararnir eru margfalt ferskari en yngsta efnið. En á hvaða forsendum fer fólk á 25 ára afmælistónleika? Erum við að leita að sautján ára sjálfum okkur inni í syntha-súpunni eða viljum við sjá eitthvað nýtt? ■

**NIÐURSTAÐA:** Ég fór á þessa tónleika til að dansa en endaði á því að hugsa allt of mikið, meðal annars um stöðu danstónlistar á Íslandi og aðstöðu til að flytja hana. GusGus skilaði af sér flottri sýningu sem var í lengra lagi. Þetta var eins og bíómynd sem hefði þurft að vera Netflix-sería og ekki í Hörpu heldur helst á hinu sáluga Nasa.

# Marstilboð

# 30% afsláttur

af Dondola skrifborðsstólum

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

**wagner**

EINU STÓLARNIR MEÐ
Dondola
360° VELTITÆKNI





## Ergo Medic

VERÐ NÚ
**159.900 kr.**

LISTAVERÐ ÁÐUR
**229.900**

## W1

VERÐ NÚ
**139.900 kr.**

LISTAVERÐ ÁÐUR
**199.900 kr.**

FAGAÐILAR MÆLA
MEÐ WAGNER

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS




## H2 rafmagnsborð

## 30% afsláttur

Margar stærðir
og margir litir í boði

TILBOÐSVERÐ FRÁ
**83.900 kr.**

www.hirzlan.is

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Framúrskarandi fyrirtæki 2017 2020

RAMMASAMNINGUR VIÐ
**RÍKISKAUP**

**Verslun opin**
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

**Lager opinn**
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

**Síðumúla 37**
**Sími: 564-5040**
**hirzlan@hirzlan.is**

# Fyrirstaðan innræting og forréttindafirring

**Þorsteinn V. Einarsson, hlaðvarpsstjórnandi og aktívisti, fer fyrir verkefninu Karlmennskan sem staðið hefur í fjögur ár. Karlmennskan fer nú annað árið í röð af stað með átakið Jákvæð karlmennska og í þetta sinn er áherslan lögð á litróf erfiðra tilfinninga sem karlar og drengir glíma við.**

ninarichter@frettabladid.is



Aðspurður segir Þorsteinn hugtakið jákvæða karlmennsku koma úr sömu fræðum og aðrar kenningar um karlmennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Núna er áherslan á tilfinningar drengja og karla,“ segir Þorsteinn V. Einarsson, hlaðvarpsstjórnandi og leiðtogi verkefnisins Karlmennskan.

**Að vernda sig með reiðinni**

Dæmi um slíkar tilfinningar séu skömm, vanlíðan, kvíði og óöryggi. „Við tökum reiði líka fyrir, en menn virðast oft mega vera reiðir, það er tilfinning sem margir grípa til. Við erum að nálgast reiðina út frá því að þó að sú tilfinning sé fullkomlega eðlileg þá eru menn kannski frekar að grípa til reiðinnar til að vernda sig og berskjölduðu tilfinningarnar sínar,“ segir hann.

Þorsteinn segir verkefninu ætlað að hjálpa mönnum að afbyggja reiðina sem er hvað sýnilegust og þá hegðun sem drifin er áfram af reiði. „Við sjáum það bara í kommentakerfum og í viðbrögðum við femínískum konum,“ segir hann.

**Hlaðvarp og teiknimyndir**

Aðspurður hvernig átakið fari fram segir hann það að mestu fara fram á vefmiðlum, á Karlmennskan.is, á Instagram-síðu Karlmennskunnar og í hlaðvarpsþættinum Karlmennskan. „Daglegir fræðslupóstar á samfélagsmiðlum og útgáfa fjögurra hlaðvarpsþátta með viðtölum við sálfræðinga þar sem við tökum eina erfiða tilfinningu í hverjum þætti á Spotify,“ segir hann. „Áföll, reiði, skömm og svo þunglyndi og sjálfsvígshugsanir – fjórir þættir.“

Þorsteinn segir að einnig hafi teiknimyndir verið settar saman fyrir verkefnið þar sem sýnt er á myndrænan hátt hvernig þessi tegund af karlmennsku, sem lætur karla skammast sín og bæla niður tilfinningar, er arfleifð íhaldssamra hugmynda.

„Eins sýna þær fram á leiðir til að berskjalda tilfinningar sínar, gangast við þeim, sjá þær og líka að setja tilfinningarnar í orð. Þessar berskjölduðu tilfinningar. Að leyfa öðrum að sjá inn á við og líka leyfa öðrum að styðja sig.“

> Karlar og strákar líta jafnvel á sig sem jafnréttissinna og vilja búa í jafnréttissamfélagi.

**Tónar vel við íslenska orðræðu**

Aðspurður hvort orðræðan hafi breyst eitthvað á þessu ári svarar Þorsteinn: „Mér finnst jákvæð karlmennska hafa komið frekar sterkt inn í almenna orðræðu. Óskin mín í fyrra var að fólk færi að taka afstöðu til hugtaksins í stað þess að hugsa: Er þetta skaðleg karlmennska, má ekkert lengur?“

Hann segir hugtakið koma úr sömu fræðum og aðrar kenningar um karlmennsku, úr kynjafræði og jákvæðri sálfræði. „Þetta kemur úr tveimur fræðigreinum og getur vel verið að það séu til betri hugtök, en mér finnst þetta tóna þokkalega við íslenska orðræðu og vera leiðbeinandi.“

Hann segir að vissulega sé jarðvegur á Íslandi fyrir jákvæða karlmennsku. „Karlar og strákar líta jafnvel á sig sem jafnréttissinna og vilja búa í jafnréttissamfélagi. Rannsóknir hafa dregið það fram og það er alveg mín upplifun líka,“ segir hann. „En það sem við erum að glíma við eru íhaldssamar hugmyndir um hvernig karlar eiga að vera, sem er stutt af samfélagsgerðinni okkar og kynhlutverkum.“

**Fyrirstaðan í innrætingunni**

Að sögn Þorsteins er fyrirstaðan fólgin í innrætingu sem búið sé að forma karla í og forréttindafirringu. „Að geta ekki litið aðstæður fólks öðrum augum. Að geta ekki tekið mark á reynsluheimi annarra. Að upplifa vegið að sér. Upplifa árásir.“

Þorsteinn hvetur fólk til að staldra við. „Leyfa sér að hlusta og taka inn umræðuna og baráttuna fyrir jafnrétti í stað þess að hrökklast í persónulega vörn.“ ■

## Á fóninum



**Katla Ásgeirsdóttir**
*plötusnúður*

Ég ákvað að henda í playlista þar sem kvenvókalar eru í fyrirrúmi. Ég er búin að vera að hlusta mikið á Mr. Sillu og Chromatics upp á síðkastið. Og hin lögin eru í svipuðum dúr, bæði gömul og nýleg,“ segir Katla.

- **Mr. Silla – Coal**
  Silla nær einhverjum nýjum hæðum með þessu lagi. Það er ótrúlega sjaldgæft að heyra lög sem ná svona fullkomnun. Ég á eiginlega ekki orð sem gera því nógu góð skil hvað mér finnst um þetta lag. Mæli með því að fólk setji Coal á repeat og leyfi því að fara með sig í ferðalag.
- **Wezn – My Body**
  Wezn er þýskt electró-dúó. Ég hnaut um þau á Instagram af öllum stöðum, fyrir ca. tveim árum. Ætli ég hafi ekki höggvið eftir vókölunum fyrst. Hún er með æðislega rödd söngkonan (Maischa).
- **Tricky – Like a Stone (Trentemöller remix)**
  Ég er algjör sökker fyrir svona gæjalegum takti og seiðandi vókölum.
- **Chromatics – Teacher**
  Ég elska Chromatics. Eiginlega allt sem kemur frá þeim finnst mér ótrúlega fallegt og fullkomið.
- **Fever Ray – Keep the streets empty for me**
  Þetta lag er, eins og flest annað á listanum, seiðandi ferðalag sem framúrskarandi vókalar leiða þig í gegnum.
- **Horizon feat. Maya – Hold it Like I Own it (Hermigervill Remix)**
  Ótrúlega fallegt remix hjá Hermigervli. Ég hef ekki enn fengið leið á þessari perlu og sé það ekki gerast í bráð.
- **Bat for Lashes – Feel for you**
  Bat for Lashes eiga mörg epísk lög, nýlegra stöffið hittir mig kannski ekki alveg jafnharkalega í hjartað en það er samt pínu töffaralegt og skemmtilegt. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*




ER FERMING FRAMUNDAN?

SERTA SINFONIA HEILSURÚM
Í stærðunum 120 & 140 x 200 cm.



20% AFSLÁTTUR

MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | FERM.TILBOÐ |
|---|---|---|
| 120x200 cm | 169.040 kr. | 135.232 kr. |
| 140x200 cm | 195.640 kr. | 156.512 kr. |

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM
Í stærðunum 120 & 140 x 200 cm.



20% AFSLÁTTUR

MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | FERM.TILBOÐ |
|---|---|---|
| 120x200 cm | 155.040 kr. | 124.032 kr. |
| 140x200 cm | 171.640 kr. | 137.312 kr. |

20% AFSLÁTTUR AF RÚMFÖTUM, PREMIUM SÆNG OG KODDA





PREMIUM DÚNSÆNG
(600g) Fylling: 50% andardúnn og 50% smáfiður. 140 x 200 cm. Verð 24.900 kr.
19.920 kr. FERMINGARTILBOÐ



PREMIUM DÚNKODDI
(800 g) Fylling: 50% andardúnn og 50% smáfiður. Áklæði: 100% lífræn bómull. 50x70 cm. Verð 16.900 kr.
13.520 kr. FERMINGARTILBOÐ

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK


Pizza Hut
TÆKIFÆRI TIL AÐ
PANNA SIG
PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í MARS
STÓR PIZZA ★ 1.590
PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR
pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

## Bakþankar

Kristbjargar Þórisdóttur

# Velsæld

Á Sálfræðiþingi sem ég sótti fyrir helgi kom fram að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin spáir 25% aukningu á kvíða og þunglyndi á alþjóðavísu í kjölfar heimsfaraldurs. Fyrir utan afleiðingar heimsfaraldursins erum við að takast á við flókinn heim og ýmsar krísur eins og ólöglega innrás Rússa í Úkraínu með tilheyrandi fjöldamorðum og flóttamannastraumi. Innrásin eykur á annan vanda svo sem vegna orkumála, öryggis, efnahags og flóttamanna. Fyrir utan þetta stöndum við frammi fyrir loftslagsvá.

Geðheilbrigðisvandi hefur allt of lengi verið hinn duldi faraldur. Faraldur sem dregur of marga til dauða á hverju ári og snertir allar fjölskyldur. Honum hefur ekki verið mætt með upplýsingafundum eða stórtækum aðgerðum. Fólk burðast of oft með hann í hljóði, situr á biðlistum, fær bót meina sinna mörgum mánuðum seinna eða alls enga bót sem er því miður algengast. Fólk finnur sínar eigin leiðir til að takast á við vandann með misslæmum afleiðingum fyrir sig og samfélagið. Það er ekki samþykkt í okkar samfélagi að fá ekki gifs á fótbrot strax, aðeins hluta krabbameinslyfja eða hálfa hjartaaðgerð. Smíða þarf heildarlöggjöf um velsæld sem tekur á öllum þáttum geðheilbrigðis fullorðinna í anda þeirra vel heppnuðu stefnubreytinga sem eru að verða í málefnum barna.

Fjárfestum í fólki og gerum arðsemisútreikninga því svona verkefni skilar sér margfalt til baka. Verum breytingin sem við viljum sjá í heiminum með því að huga að eigin velsæld en tökum jafnframt þátt í því að skapa samfélag þar sem greitt aðgengi er að gagnreyndum sálfræðimeðferðum. Fæstum batnar á biðlistum. Velsæld og geðheilbrigði tryggir öflugt samfélag sem getur betur tekist á við aðsteðjandi ógnir. ■




